



STÆRSTI
SKEMMTI
STAÐUR
HEIMINN

Ársreikningur samstæðu

2024



NOVA
KLÚBBURINN

Efnisyfirlit	bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	2 - 3
Áritun óháðs endurskoðenda	4 - 7
Rekstrarreikningur og yfirlit um aðra heildarafkomu	8
Efnahagsreikningur	9 - 10
Sjóðstreymisyfirlit	11
Eiginfjáryfirlit	12
Skýringar	13 - 29
Óendurskoðaðir viðaukar	
Stjórnarháttaryfirlýsing (Óendurskoðuð)	30 - 33
Ófjárhagslegar (UFS) upplýsingar (Óendurskoðaðar)	34 - 35
Flokkunarreglugerð (Óendurskoðuð)	36 - 40
Ársfjórðungs niðurstöður (Óendurskoðað)	41 - 42

Nova Klúbburinn hf.
Kt. 620916-0560
Lágmúla 9, 108 Reykjavík

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Nova Klúbburinn hf. er móðurfélag Nova hf., meginstarfsemi þess er fjarskiptarekstur og skyld starfsemi. Ársreikningur þessi samanstendur af ársreikningi Nova Klúbbsins hf. („félagið“) og dótturfélaga þess Nova hf. og NL9 ehf., saman nefnt „samstæðan“ eða „Nova“.

Samkvæmt endurskoðuðum rekstrarreikningi og yfirliti um aðra heildarafkomu námu heildartekjur ársins 2024 13.314 milljónum króna, samanborið við 12.993 milljónir kr. á fyrra ári. EBITDA var 4.128 milljónir króna, samanborið við 3.979 milljónir kr. á fyrra ári. Hagnaður ársins nam 807 milljónum króna samanborið við 729 milljónir á fyrra ári. Eigið fé í lok árs nam 9.664 milljónum króna samkvæmt efnahagsreikningi, en var 9.277 milljónir kr. árið á undan. Eiginfjárlutfall er 40,6%, samanborið við 40,0% árið á undan. Vísað er til eiginfjárfirlits varðandi upplýsingar um breytingar á eigin fé á tímabilinu.

Stjórn leggur til að greiddur verði arður að fjárhæð 300 milljónir króna á árinu 2025 og óskað verði eftir áframhaldandi heimild til endurkaupa eigin bréfa fyrir allt að 10% af hlutafé.

Á aðalfundum í mars voru endurkjörin í stjórn félagsins og Nova hf. þau Sigríður Olgeirsdóttir, Hrund Rudolfsdóttir, Jón Óttar Birgisson, Jóhannes Þorsteinsson og Magnús Árnason. Í stjórn félagsins og Nova hf. sitja því fimm einstaklingar, þrír karlar og tvær konur og uppfyllir félagið því ákvæði laga um kynjahlutföll í stjórn.

Í framkvæmdastjórn félagsins sitja nú þrjár konur og tveir karlar, þau Margrét Tryggvadóttir, skemmtana- og forstjóri, Þórhallur Jóhannesson, framkvæmdastjóri Frammistöðu, Ólafur Magnússon, framkvæmdastjóri Tækni- og nýsköpunar, Þuríður Guðnadóttir, framkvæmdastjóri Markaðssóknar og Renata Blöndal, framkvæmdastjóri Nova Upplifunar.

Meðalfjöldi stöðugilda hjá Nova hf. á árinu 2024 var 157 og fjölgaði um 6 stöðugildi frá fyrra ári. Kynjahlutföll voru 58% karlmenn og 42% konur.

Í árslok 2024 voru hluthafar í Nova Klúbbum hf. um 1.700 talsins, samanborið við um 2.300 í ársbyrjun. Tíu stærstu hluthafar í félaginu í árslok 2024 voru eftirfarandi (samanborið við árslok 2023):

	Í árslok 2024	Í árslok 2023
Birta lífeyrisjóður.....	12,30%	10,77%
Lífeyrissj. starfsm. rík. A-deild og B-deild.....	9,90%	7,86%
Landsbréf hf. ¹⁾	7,96%	5,82%
Stefnir hf. ²⁾	7,59%	14,29%
Stapi lífeyrissjóður.....	6,70%	4,39%
Lífsværk lífeyrissjóður.....	4,99%	4,25%
Festa lífeyrissjóður.....	4,66%	3,73%
Lífeyrissjóður verslunarmanna.....	4,24%	2,25%
Íslandssjóðir hf. ³⁾	3,40%	4,76%
Íslandsbanki.....	3,41%	1,05%
Samtals 10 stærstu	65,15%	59,17%

1) Landsbréf - Úrvalsbréf hs., Landsbréf - Hekla hs., Landsbréf - Öndvegisbréf hs.

2) Stefnir - Innlend hlutabréf hs., Stefnir - Innlend hlutabréf vo, Stefnir - ÍS 5 hs.

3) IS EQUUS Hlutabréf, IS Hlutabréfasjóðurinn, IS Eignasafn, IS Einkasafn B, IS Einkasafn C, IS Einkasafn D, IS Einkasafn E

Á aðalfundi félagsins sem haldinn var þann 21. mars 2024, var stjórn veitt heimild, á grundvelli 55. gr. laga um hlutafélög, nr. 2/1995, til kaupa á allt að 368.396.646 hlutum í félaginu, eða sem samsvarar allt að 10% hlutfjár félagsins. Byggt á þessari heimild tók stjórn félagsins, í apríl, ákvörðun um gerð og framkvæmd áætlunar um endurkaup eigin bréfa fyrir allt að 550 m.kr., og skv. þeirri áætlun voru á árinu 2024 keyptir alls 96,8 milljón hlutir fyrir alls 375,7 m.kr., eða sem nemur 2,63% af heildarhlutafé félagsins. Meðalgengi í endurkaupunum nam 3,88 kr. pr. hlut.

Skráð hlutafé félagsins nam í árslok 2024 3.683.966.464, en félagið átti eigin hluti í árslok að nafnverði 96,8 m.kr. Hlutflokkur er einn og er hlutféð skráð í Kauphöll Íslands. Allir hlutir njóta sömu réttinda.

Fjárhagsleg áhætta, rekstraráhætta og áhættustýring

Vísað er til skýringar 21 varðandi upplýsingar um fjárhagslega áhættu, rekstraráhættu og áhættustýringu. Um engar sérstakar aðrar áhættur er að ræða í rekstri samstæðunnar.

Atburðir eftir lok fjárhagsársins

Vísað er til skýringar 25 varðandi atburði eftir reikningskiladag.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Ófjárhagslegar upplýsingar

Nova býður fjölbreytt úrval af vörum og tækjum, farsíma- og ljósléiðaraþjónustu til heimila og fjölbreytta fjarskiptatækniþjónustu til stærri og smærri fyrirtækja, auk sérlausna fyrir stórnotendur.

Nova hefur sett sér sjálfbærni- og umhverfisstefnu sem miðar að því annars vegar að vinna gegn neikvæðum áhrifum af starfsemi Nova á samfélagið og hins vegar að nýta sérþekkingu Nova og sérstöðu til þess að hafa jákvæð áhrif á samfélagið. Nova lítur til heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna og leggur þar sérstaka áherslu á Heilsu og Velliðan, Jafnrétti kynjanna og Nýsköpun og uppbyggingu.

Við er um frekari umfjöllun um umhverfisþætti, félagslega þætti og sjálfbærnimál til umfjöllunar um ófjárhagslegar upplýsingar sem eru hluti reiknings þessa og til sjálfbærnisráðgjafar sem má nálgast á vefsíðu þess,

Upplýsingar tengdar flokkunarkerfi Evrópusambandsins (EU Taxonomy) eru birtar í viðauka við ársreikninginn, sem hluti af ófjárhagslegum upplýsingum.

Stjórn Nova hefur tileinkað sér góða stjórnarhætti með það að markmiði að styðja við ábyrga hegðun og fyrirtækjamenningu innan félagsins til hagsbóta fyrir alla hagsmunaaðila félagsins.

Við er til frekari umfjöllunar um stjórnarhætti Nova til stjórnarháttayfirlýsingar sem er hluti reiknings þessa, og um ófjárhagslega upplýsingagjöf til sjálfbærnisráðgjafar félagsins sem má nálgast á vefsíðu þess, www.nova.is/fjarfestar.

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Ársreikningur samstæðunnar vegna ársins sem endar 31. desember 2024 hefur verið gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið teknir upp af Evrópusambandinu. Samkvæmt okkar bestu vitund er það álit okkar að ársreikningur þessi gefi glögga mynd af fjárhagslegri afkomu samstæðunnar árið 2024, fjárhagslegri stöðu hennar í lok árs og breytingum á eigin fé og sjóðstreymi á fjárhagsárinu 2024. Jafnframt er það álit okkar að ársreikningur og skýrsla stjórnar og forstjóra innihaldi skýrt yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar og stöðu hennar, og lýsi þeim helstu áhættuþáttum og þeirri óvissu sem rekstur samstæðunnar stendur frammi fyrir.

Það er álit okkar að ársreikningur samstæðu Nova Klúbbsins hf. vegna ársins 2024, með tilvísunina: 64886J4FR973Q12HGS61-2024-12-31-0-is.zip sé í öllum meginatriðum unninn í samræmi við ESEF reglugerðina.

Stjórn og forstjóri staðfesta hér með ársreikning samstæðu 2024 með undirritun sinni.

Reykjavík, 27. febrúar 2025

Stjórn

Sigríður Olgeirsdóttir
Stjórnarformaður

Hrund Rudolfsdóttir
Meðstjórnandi

Magnús Árnason
Meðstjórnandi

Jón Óttar Birgisson
Meðstjórnandi

Jóhannes Þorsteinsson
Meðstjórnandi

Margrét Tryggvadóttir
Forstjóri

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Nova klúbbsins hf.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Nova klúbbsins hf. og dótturfélaga (samstæðan) fyrir árið 2024, að undanskilinni skýrslu og yfirlýsingu stjórnar og forstjóra.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glöggja mynd af afkomu samstæðunnar á árinu 2024, efnahag hennar 31. desember 2024 og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðeigandi ákvæði í lögum um ársreikninga.

Álit okkar er í samræmi við skýrslu okkar til endurskoðunarnefndar og stjórnar Nova Klúbbsins hf.

Samstæðuársreikningurinn innifelur

- Skýrslu og yfirlýsingu stjórnar og forstjóra.
- Rekstrarreikning og yfirlit yfir aðra heildarafkomu fyrir árið 2024.
- Efnahagsreikning 31. desember 2024.
- Sjóðstreymisýfirlit ársins 2024.
- Eiginfjáryfirlit ársins 2024.
- Skýringar, sem innifela mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra er undanskilin endurskoðun, sbr. kafla um aðrar upplýsingar.

Grundvöllur álits

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda.

Óháði

Við erum óháð samstæðunni samkvæmt ákvæðum laga um endurskoðendur og endurskoðun og siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi samstæðunnar. Við uppfyllum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Samkvæmt okkar bestu vissu, lýsum við yfir að önnur þjónusta sem við höfum veitt samstæðunni og félögum innan hennar er í samræmi við ákvæði íslenskra laga og reglna og að við höfum ekki veitt þjónustu sem óheimilt er að veita samkvæmt ákvæðum 5.1. gr. Evrópureglugerðar nr. 537/2014.

Gerð er grein fyrir annarri þjónustu sem við höfum veitt samstæðunni og félögum innan hennar, á tímabilinu 1. janúar til 31. desember 2024, í skýringu 20.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Lykilatriði endurskoðunarinnar

Lykilatriði endurskoðunarinnar eru þau atriði sem að okkar faglega mati höfðu mesta þýðingu í endurskoðun okkar á ársreikningi samstæðunnar árið 2024. Sem hluti af endurskoðun okkar á samstæðuársreikningnum voru þessi lykilatriði skoðuð sérstaklega. Við látum ekki í ljós sérstakt álit varðandi þessi lykilatriði, einungis er látið í ljós álit á samstæðuársreikningnum í heild.

Áritun óháðs endurskoðanda

Lykilatriði endurskoðunarinnar	Endurskoðunaraðgerðir
Rekstrartekjur:	Endurskoðunaraðgerðir voru m.a.:
<i>Rekstrartekjur:</i>	- Beitt var gagnaskoðun með skoðun á sölureikningum og þeir raktir í samsvarandi greiðslur.
<i>Rekstrartekjur námu samtals um kr. 13 milljörðum.</i>	- Viðskiptakröfur voru staðfestar með yfirferð yfir greiðslur þeirra eftir áramót.
<i>Við lögðum áherslu á þennan lið þar sem færsla tekna er flókin vegna magns færslna og ólíkra tekjustrauma og um er að ræða stærsta einstaka lið reikningsskilanna.</i>	-Farið var yfir upplýsingakerfi samstæðunnar með yfirferð yfir flæði gagna á milli ólíkra kerfa.
<i>Einnig þurfa mörg ólík kerfi að tengjast saman til að tekjurnar bókist rétt, allt frá mælingu notkunar og gerð reikninga til bókindar í fjárhagskerfið.</i>	-Kannað var innra eftirlit þar sem samstæðan yfirfer breytingar á fjárhæðum tekjustrauma á milli mánaða.
<i>Við vísum í skýringar 1.6, 1.7 og 2 sem fjalla um tekjur í ársreikningi samstæðunnar.</i>	-Notkunar- og gagnamælingar samstæðunnar voru skoðaðar með prófun á innra eftirliti.
	-Sérstök skoðun var framkvæmd á tekjum sem ekki eiga uppruna sinn sölukerfum samstæðunnar.
	-Farið var yfir viðeigandi skýringar
Mat viðskiptavildar:	Endurskoðunaraðgerðir voru m.a.:
<i>Viðskiptavild er stærsti einstaki liður í efnahagsreikningi samstæðunnar og er bókfært verð hennar um 10 milljarðar króna.</i>	- Matslíkan virðisýrnunarprófsins hjá samstæðunni var yfirfarið m.t.t. viðeigandi aðstæðna.
<i>Verðmatslíkanið er byggt á áætlðu framtíðarsjóðstreymi dótturfélagsins Nova hf. og er mjög háð forsendum stjórnenda.</i>	-Farið var yfir allar verulegar forsendur, m.a. væntan framtíðarvöxt, EBITDA framlegðarhlutföll, væntar afskriftir og fjárfestingar í rekstrarfjármunum.
<i>Vegna mikilvægis viðskiptavildar fyrir reikningsskilin í heild og huglægs og flókins eðlis matslíkans hennar, var lögð sérstök áhersla á endurskoðunaraðgerðir sem snúa að mati hennar.</i>	- Farið var yfir fjármagnskostnað samstæðunnar, sem felur í sér yfirferð á forsendum sem tengjast vaxtastigi og eiginfjárfjármögnun.
<i>Vísað er til skýringa 1.9, 7 og 8 sem skýra reikningshaldslega meðferð og undirliggjandi forsendur.</i>	- Verðmatssérfræðingar PwC aðstoðuðu endurskoðunarteymið við framkvæmd endurskoðunarvinnu í tengslum við matið.
	- Farið var yfir viðeigandi skýringar.

Aðrar upplýsingar, þ.m.t. skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Stjórn og forstjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra, viðaukar um stjórnarháttaryfirlýsingu, ófjárhagslegar (UFS) upplýsingar, flokkunarreglugerð og ársfjórðungs niðurstöður sem lágu fyrir við áritun okkar.

Álit okkar á samstæðuársreikningnum nær ekki til annarra upplýsinga, þ.m.t. skýrslu og yfirlýsingu stjórnar og forstjóra og við staðfestum þær ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningi samstæðunnar ber okkur að yfirfara aðrar upplýsingar, sem tilgreindar eru hér að ofan, þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær eru í verulegu ósamræmi við samstæðuársreikninginn eða skilning sem við höfum aflað við endurskoðunina eða ef svo virðist að verulegar rangfærslur séu í þeim. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Við höfum ekki greint atriði sem ber að greina sérstaklega frá.

Áritun óháðs endurskoðanda

Aðrar upplýsingar, þ.m.t. skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra (frh.)

Hvað varðar skýrslu og yfirlýsingu stjórnar og forstjóra höfum við, í samræmi við ákvæði 104. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006, yfirfarið að skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í samstæðuársreikningnum.

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á samstæðuársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðeigandi ákvæði í lögum um ársreikninga. Stjórn og forstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð samstæðuársreikningsins ber stjórnendum samstæðunnar að meta hæfi hennar til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning samstæðunnar á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa samstæðuna upp eða hætta rekstri hennar, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi samstæðunnar. Stjórnendum samstæðunnar ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi hennar til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins.

Stjórn og endurskoðunarnefnd skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun samstæðuársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að samstæðuársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með álit okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallar eru á samstæðuársreikningnum.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir álit okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu samstæðuársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits samstæðunnar.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra séu raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi samstæðunnar eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi hennar. Ef við teljum að veruleg óvissa ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í samstæðuársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausum álitum. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að samstæðan verði ekki lengur rekstrarhæf.

Metum framsetningu, gerð og innihald samstæðuársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirliggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álit okkar.

Öflum nægjanlegra endurskoðunargagna vegna fjárhagsupplýsinga félaga og eininga innan samstæðunnar og gefum út álit á samstæðuársreikningnum. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framgangi endurskoðunar samstæðunnar. Við berum ábyrgð á álit okkar.

Áritun óháðs endurskoðanda

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun samstæðuársreikningsins (frh.)

Við upplýsum stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka í innra eftirliti ef við á.

Við höfum lýst því yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við uppfyllum nauðsynleg siðferðis- og óhæðisskilyrði og við munum láta þeim í té allar upplýsingar um hugsanleg tengsl og önnur atriði sem gætu haft áhrif á óhæði okkar og trúnað.

Við höfum lagt mat á hvaða atriði, af þeim atriðum sem við höfum upplýst stjórn og endurskoðunarnefnd um, höfðu mesta þýðingu á yfirstandandi ári og eru það lykilatriði endurskoðunarinnar. Við lýsum þessum lykilatriðum í áritun okkar nema lög og reglur leyfi ekki að upplýst sé opinberlega um tiltekin atriði eða í algjörum undantekningartilfellum þegar mat okkar er að neikvæðar afleiðingar af birtingu slíkra upplýsinga vegi þyngra en ávinningur almennings af birtingu upplýsinganna.

Önnur atriði samkvæmt ákvæðum laga og reglna

Í tengslum við endurskoðun okkar á samstæðuársreikningi Nova klúbbsins hf. framkvæmdum við aðgerðir til að geta gefið álit á það hvort samstæðuársreikningur Nova klúbbsins hf. fyrir árið 2024 með skráarheitið 64886J4FR973Q12HGS61-2024-12-31-0-is.zip hafi í meginatriðum verið gerður í samræmi við kröfur laga um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu nr. 20/2021 um sameiginleg rafræn skýrslusnið (e. European Single Electronic Format) og reglugerð Evrópusambandsins nr. 2019/815 (ESEF reglur) sem innihalda skilyrði sem tengjast gerð samstæðuársreiknings á XHTML formi og iXBRL merkingum samstæðuársreikningsins.

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við lög um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunarskyldu. Í þeirri ábyrgð felst meðal annars að útbúa samstæðuársreikning á XHTML formi í samræmi við ákvæði reglugerðar Evrópusambandsins nr. 2019/815, um sameiginleg rafræn skýrslusnið (e. European Single Electronic Format).

Ábyrgð okkar er að afla hæfilegrar vissu um hvort samstæðuársreikningurinn, byggt á þeim gögnum sem við höfum aflað, sé í öllum meginatriðum í samræmi við ESEF reglur og gefa út áritun með álit okkar. Eðli, tímasetning og umfang aðgerða sem valdar eru byggja á mati endurskoðandans, þar á meðal mati á áhættunni að vikið sé í verulegum atriðum frá kröfum sem fram koma í ESEF reglum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningur Nova klúbbsins hf. fyrir árið 2024 með skráarheitið 64886J4FR973Q12HGS61-2024-12-31-0-is.zip hafi í öllum meginatriðum verið gerður í samræmi við ákvæði reglugerðar Evrópusambandsins nr. 2019/815, um sameiginleg rafræn skýrslusnið (e. European Single Electronic Format).

Kosning endurskoðanda

Við vorum kosin endurskoðendur á aðalfundi félagsins árið 2019. Kosning okkar hefur verið endurnýjuð árlega á aðalfundi félagsins og höfum við því verið endurskoðendur félagsins samfellt í 6 ár.

Reykjavík, 27. febrúar 2025

PricewaterhouseCoopers ehf.

Vignir Rafn Gíslason
löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur og yfirlit um aðra heildarafkomu fyrir árið 2024

	Skýringar	2024	2023
Rekstrartekjur			
Sala	2	13.201.925	12.837.538
Aðrar rekstrartekjur		<u>112.292</u>	<u>155.211</u>
		13.314.217	12.992.749
Rekstrarkostnaður			
Kostnaðarverð seldra vara		6.139.053	6.242.747
Laun og launatengd gjöld	3	2.030.863	1.795.748
Annar kostnaður		<u>1.016.337</u>	<u>975.707</u>
		9.186.253	9.014.202
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, EBITDA		4.127.964	3.978.547
Afskriftir	4	<u>(2.266.394)</u>	<u>(2.152.161)</u>
Rekstrarhagnaður		1.861.570	1.826.386
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):			
Vaxtatekjur		89.738	87.872
Vaxtagjöld		(929.949)	(1.023.697)
Gengismunur		<u>1.171</u>	<u>(7.011)</u>
	5	(839.040)	(942.836)
Hagnaður fyrir tekjuskatt		1.022.530	883.550
Tekjuskattur	6	(215.610)	(154.730)
Hagnaður og heildarafkoma á árinu		<u>806.920</u>	<u>728.820</u>
Hagnaður á hlut			
Grunn- og þynntur hagnaður á hlut	22	0,22	0,19

Skýringar á bls. 13 - 29 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

	Skýringar	31. des. 2024	31. des. 2023
Eignir			
Fastafjármunir			
Viðskiptavild	7,8	10.136.485	10.048.985
Aðrar óefnislegar eignir	8	1.425.912	1.639.382
Rekstrarfjármunir	9	3.938.919	4.030.146
Leigueignir	10	4.653.738	4.291.639
Aðrar fjáreignir	19	2.596	2.596
Tekjuskattsinneign	17	550.734	475.656
		<u>20.708.384</u>	<u>20.488.404</u>
Veltufjármunir			
Vörubirgðir	13	409.572	405.306
Skammtímakröfur á tengda aðila	23	142.728	174.063
Viðskiptakröfur	14	1.174.161	1.124.554
Aðrar skammtímakröfur		351.591	480.490
Handbært fé	15	1.031.433	496.960
		<u>3.109.485</u>	<u>2.681.373</u>
Eignir samtals		<u><u>23.817.869</u></u>	<u><u>23.169.777</u></u>

Skýringar á bls. 13 - 29 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

	Skýringar	31. des. 2024	31. des. 2023
Skuldir og eigið fé			
Eigið fé			
Hlutfé	18	3.587.181	3.694.777
Yfirverðsreikningur		2.014.877	2.327.553
Varasjóðir	18	1.549.060	1.358.689
Óráðstafað eigið fé		2.512.541	1.895.992
		<u>9.663.659</u>	<u>9.277.011</u>
Langtímaskuldir			
Vaxtaberandi langtímaskuldir	16	1.890.000	1.995.000
Leiguskuldbindingar	10	6.690.624	6.328.508
Aðrar langtímaskuldir	11	3.056.650	2.963.728
		<u>11.637.274</u>	<u>11.287.236</u>
Skammtímaskuldir			
Skammtímaskuldir við tengda aðila	23	145.430	177.069
Næsta árs afborganir langtímaskulda	16	105.000	99.750
Viðskiptaskuldir		795.493	812.840
Reiknaðir skattar til greiðslu	6,17	291.351	274.988
Leiguskuldbindingar og aðrar skuldir	10,11	312.745	243.764
Aðrar skammtímaskuldir		773.969	932.852
Fyrirframinnheimtar tekjur		92.948	64.267
		<u>2.516.936</u>	<u>2.605.530</u>
Skuldir samtals		14.154.210	13.892.766
Eigið fé og skuldir samtals		<u>23.817.869</u>	<u>23.169.777</u>

Skýringar á bls. 13 - 29 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2024

	Skýringar	2024	2023
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður ársins		806.920	728.820
Rekstrarliðir án greiðsluáhrifa:			
Afskriftir	4	2.266.394	2.152.161
Tekjuskattur	6	215.610	154.730
Hreinar fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	5	839.041	942.836
		<u>4.127.965</u>	<u>3.978.547</u>
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum			
Birgðir, (hækkun) lækkun		(4.266)	5.683
Viðskiptakröfur og aðrar kröfur, lækkun (hækkun)		78.986	(21.856)
Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir, (lækkun)		(148.815)	(42.634)
		<u>(74.095)</u>	<u>(58.807)</u>
Innheimtar vaxtatekjur	5	89.738	87.872
Greidd vaxtagjöld		(761.725)	(761.285)
Greiddir skattar		(274.481)	(231.698)
Handbært fé frá rekstri		<u>3.107.402</u>	<u>3.014.629</u>
Fjárfestingahreyfingar			
Keyptir rekstrarfjármunir	9	(1.397.661)	(1.566.364)
Keyptar óefnislegar eignir	8	(244.085)	(489.816)
Uppgjör vegna kaupa á félagi 2017	8, 24	(87.500)	0
		<u>(1.729.246)</u>	<u>(2.056.180)</u>
Fjármögnunarahreyfingar			
Keypt eigin hlutabréf	18	(420.272)	(505.015)
Afborganir leiguskulda	10	(254.727)	(194.281)
Afborganir annarra langtímaskulda	11	(53.958)	(46.695)
Ný lán frá fjármálastofnun	16	0	2.100.000
Afborganir vaxtaberandi langtímaskulda	16	(105.000)	(2.482.593)
		<u>(833.957)</u>	<u>(1.128.584)</u>
Hækkun á handbæru fé		544.199	(170.136)
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé		(9.726)	2.306
Handbært fé í upphafi ársins		496.960	664.790
Handbært fé í lok ársins	15	<u><u>1.031.433</u></u>	<u><u>496.960</u></u>

Skýringar á bls. 13 - 29 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum

Eiginfjárfirlit ársins 2024

	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur	Varasjóðir	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Staða 1. janúar 2023	3.817.277	2.710.068	1.183.637	1.342.224	9.053.206
Hagnaður og heildaraflkoma janúar til desember 2023				728.820	728.820
Hlutdeild í hagnaði dótturfélags umfram móttækinn arð.....			102.170	(102.170)	0
Kaup á eigin hlutabréfum.....	(122.500)	(382.515)		(72.882)	(505.015)
Lagt í lögbundinn varasjóð.....			72.882	(72.882)	0
Staða 31. desember 2023 / 1. janúar 2024	3.694.777	2.327.553	1.358.689	1.895.992	9.277.011
Hagnaður og heildaraflkoma janúar til desember 2024.....				806.920	806.920
Hlutdeild í hagnaði dótturfélags umfram móttækinn arð.....			109.679	(109.679)	0
Framlag í lögbundinn varasjóð			80.692	(80.692)	0
Kaup á eigin hlutabréfum.....	(107.596)	(312.676)			(420.272)
Staða 31. desember 2024	3.587.181	2.014.877	1.549.060	2.512.541	9.663.659

Í samræmi við ákvörðun aðalfundar í mars 2024 var hlutfé lækkað um kr. 133.310.000 að nafnverði vegna eigin hluta sem keyptir voru á tímabilinu maí 2023 til og með janúar 2024. Skráð og útgefið hlutfé nam því kr. 3.683.966.464 í lok tímabilsins og eigin hlutir námu kr. 96.786.000. Útistandandi hlutfé í lok tímabilsins nam því kr. 3.587.180.464.

Sjá nánari upplýsingar um eiginfjárreikninga í skýringu 18.

Skýringar á bls. 13 - 29 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

1.1 Félagið

Nova Klúbburinn hf. („félagið“) er skráð félag og með aðsetur á Íslandi. Skrifstofur og höfuðstöðvar félagsins eru að Lágmúla 9 í Reykjavík. Samstæðuársreikningur þessi samanstendur af ársreikningi Nova Klúbbsins hf. og dótturfélaga þess, Nova hf. og NL9 ehf., saman nefnt „samstæðan“. Nova hf. er íslenskt fjarskiptafélag sem er í 100% eigu félaga í samstæðu Nova klúbbsins hf. NL9 ehf. er 100% í eigu Nova Klúbbsins hf. og hefur þann eina tilgang að eiga 2 hluti í Nova hf.

Meginstarfsemi samstæðunnar er rekstur fjarskiptaþjónustu og skyld starfsemi.

Ársreikningurinn var samþykktur af stjórn félagsins þann 27. febrúar 2025.

1.2 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Ársreikningurinn er gerður á grundvelli kostnaðarverðs að undanskildum leigueignum og leiguskuldbindingum sem eru metnar á núvirði framtíðargreiðslna í samræmi við IFRS 16. Ársreikningurinn er birtur í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru námundaðar að næsta þúsundi nema annað sé tekið fram. Grundvöllur reikningsskilanna er sá sami og á fyrra ári.

1.3 Mikilvæg atriði tengd matsliðum

Við gerð ársreiknings ber stjórnendum, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, að gefa sér forsendur, áætla og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á uppgjörsdegi, upplýsingar í athugasemdum og tekjur og gjöld. Þetta mat og ályktanir tengdar þeim er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Jafnvel þótt áætlanir séu samkvæmt bestu vitund stjórnenda getur raunvirði þeirra hluta sem áætlað er með þessum hætti reynst annað en niðurstaðan samkvæmt matinu. Upplýsingar er varða mikilvægar ályktanir og forsendur er að finna í skýringum 1.9 og 7 er varðar viðskiptavild, í skýringum 1.5 og 10 er varðar nýtingarrétt leigueigna og leiguskuldbindingar. Breytingar á matsliðum eru færðar á því tímabili sem þeim er breytt.

1.4 Erlendir gjaldmiðlar

Við gerð reikningsskila einstakra félaga eru viðskipti í öðrum gjaldmiðli en starfrækslugjaldmiðli viðkomandi félags (erlendir gjaldmiðlar) færð í starfrækslugjaldmiðil á gengi viðskiptadags. Á hverjum reikningsskiladegi eru peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðli umreiknaðar á gengi þess dags. Ópeningalegir liðir sem færðir eru á gangvirði og tilgreindir í erlendra mynt eru umreiknaðar á gengi þess dags sem gangvirði þeirra var ákvarðað. Ópeningalegir liðir sem færðir eru á kostnaðarverði í erlendum gjaldmiðli eru ekki umreiknaðir á ný. Gengismunur er færður í rekstrarreikning þegar hann fellur til.

1.5 Leigusamningar

Samstæðan færir leigueignir og -skuldir í samræmi við IFRS 16 fyrir leigusamninga. Samstæðan færir leigueignir og -skuldir fyrir leigusamninga sem tengjast skrifstofuhúsnæði, bifreiðum og aðstöðuleigusamningum um fjarskiptabúnað. Leigueignir og -skuldir eru aðgreindar í efnahagsreikningi félagsins. Leigueignir og -skuldir eru upphaflega færðar til bókar á upphafsdegi samnings, sem núvirði ógreiddra leigugreiðslna, að teknu tilliti til beins kostnaðar við öflun leigueignarinnar og áætlaðs kostnaðar við að taka niður og fjarlægja eignina að loknum leigusamningi og að frádregnum leiguvílnunum sem félagið hefur fengið.

1.6 Innlausn tekna

(i) Fjarskipti

Tekjur samanstanda í meginatriðum af farsíma- og netþjónustu.

Áskriftartekjur eru tekjufærðar á viðkomandi áskriftartímabili en tekjur vegna notkunar eru færðar á því tímabili sem notkun á sér stað. Rekstrartekjur eru færðar í samræmi við þá áskriftarsamninga sem til staðar eru og afslættir tengdir veltu og/eða notkun færðir til lækkunar á tekjum innan hvers áskriftartímabils.

Skýringar

1.6 Innlausn tekna (frh.)

(ii) Vörusala

Tekjur af vörusölu eru færðar þegar yfirráð vöru hefur flust til kaupanda, en það er þegar viðskiptavinur hefur móttengið vöruna og engar óuppfylltar skuldbindingar eru til staðar sem gætu haft áhrif á hvort viðskiptavinur samþykkir vöruna.

Nánari upplýsingar varðandi sölutekjur af samningum við viðskiptavini má sjá í skýringu 2.

1.7 Greiðsluskilmálar, skilaréttur og ábyrgðir

Greiðsluskilmálar

Vörusala og fyrirframgreitt gagnamagn koma til greiðslu við afhendingu á vörunni. Áskriftarþjónusta kemur til greiðslu á eindaga viðeigandi útgefins reiknings.

Ábyrgðarskilmálar

Ábyrgðarskilmálar gilda fyrir seld tæki og búnað. Ábyrgð seljanda gildir í 24 mánuði frá kaupdegi. Ábyrgð tekur til galla og bilana sem fram kunna að koma í tækinu á tilgreindum ábyrgðartíma. Byggt á mati fyrri ára eru engar varúðarfærslur færðar í rekstrarreikning vegna ábyrgða.

Viðskiptaskilmálar

Almennir viðskiptaskilmálar gilda fyrir seld tæki og búnað. Hið selda er eign seljanda þar til tækið hefur verið greitt að fullu. Raðgreiðslusamningar, reikningsviðskipti eða önnur lánaform afnema ekki eignarrétt seljanda fyrr en full greiðsla hefur borist. Sé kaupsamningi rift verður sú símnótkun (afsláttur í áskrift/inneign í frelsi) sem viðskiptavinur hefur fengið, reiknaður inn í uppgjörið. Skil á keyptum tækjum eru aðeins möguleg ef tækið er enn í upprunalegum umbúðum og í upprunalegu ástandi.

1.8 Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

Vaxtatekjur eru færðar yfir tímabilið sem þær myndast, með hliðsjón af útistandandi höfuðstól og viðeigandi vöxtum.

Allur fjármagnskostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til, að undanskildum eignfærðum lántökukostnaði. Eignfærður lántökukostnaður er færður undir bókfærðu virði viðkomandi skuldar.

1.9 Viðskiptavild

Viðskiptavild sem myndast við yfirtöku rekstrar er færð til eignar þann dag sem félagið nær yfirráðum í keyptu félagi (á kaupdegi). Viðskiptavild er mismunur á kaupverði dótturfélags og hlutdeildar í hreinni eign þess eftir að eignir og skuldir hafa verið metnar til gangvirðis á kaupdegi.

Fjárskapandi eining sem innifelur viðskiptavild er virðisprófuð árlega, eða oftar ef vísbendingar eru til staðar um að einingin kunni að vera virðisrýrð. Virðisrýrnun er færð ef endurheimtanlegt virði fjárskapandi einingarinnar er lægra en bókfært verð.

1.10 Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Fjarskiptabúnaður	2-7 ár
Áhöld og tæki	3-10 ár
Bírfreiðar	5 ár

Afskriftaaðferðir, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin á hverjum reikningsskiladegi og leiðrétt ef við á.

1.11 Óefnislegar eignir (aðrar en viðskiptavild)

Aðrar óefnislegar eignir eru færðar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma fyrir utan að viðskiptasambönd eru afskrifuð miðað við metið meðaltal eftirstæðrar hlutdeildar vegna núverandi viðskiptavina. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Fjarskiptaleyfi	10 ár
Aðrar óefnislegar eignir	2 - 5 ár

Afskriftaaðferðir, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin á hverjum reikningsskiladegi og leiðrétt ef við á.

Skýringar

1.12 Samrekstur

Samrekstur er gagnkvæmt fyrirkomulag þar sem tveir eða fleiri aðilar hafa sameiginlega stjórn bundnir af samning. Samrekstur er hægt að flokka sem sameiginlegt verkefni eða sameiginlega rekstur.

Félagið er í samrekstri með Sýn hf. sem flokkað er sem sameiginlegur rekstur. Sameiginlegi reksturinn snýr að Sendafélaginu ehf. þar sem hvort aðili á 50% hluta. Nova hf. færir eignir sem það á ásamt kostnaði og skuldum sem til falla, sem og sinn hlut í rekstrarhagnaði, í ársreikning sinn samkvæmt viðeigandi reikningsskilastaðli, IFRS.

1.13 Frestaður tekjuskattur

Frestaður tekjuskattur er færður vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar.

Útreikningur tekjuskattsinnæignar byggist á yfirfæranlegu tapi og frádráttarbærum tímabundnum mismunum, að því marki sem talið sé líklegt að hún nýtist til frádráttar skattalegum hagnaði í framtíðinni. Tekjuskattsinnæign er endurmetin á hverjum reikningsskiladegi og lækkuð að því marki sem ekki er lengur talið líklegt að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

Útreikningur á frestuðum skatti byggir á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundnir mismunir koma til með að snúast við, miðað við gildandi lög á reikningsskiladegi.

1.14 Birgðir

Birgðir eru færðar á kostnaðarverði eða söluverði, hvort sem lægra reynist. Kostnaðarverð byggir á „fyrst inn- fyrst út“ reglunni við birgðamat og tekur til kostnaðar við kaup birgðanna og við að koma þeim á núverandi stað og í núverandi ástand. Birgðir í árslok samanstanda af notendabúnaði til sölu. Tekið er tillit til úreltra og gallaðra vara með viðunandi hætti og nam heildarniðurfærsla vegna þess 39,3 mkr. í árslok (2023: 38,9 mkr.).

1.15 Samstæða

Dótturfélög eru öll félög þar sem félagið fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar ef félagið ber áhættu og réttinn til að njóta breytilegs ávinnings af þátttöku sinni í félaginu og getur með ákvörðunarvaldi haft áhrif á ávinninginn af fjárfestingunni. Fjárfestingar í dótturfélögum eru færðar með hlutdeildaraðferð í ársreikning.

Hlutdeildaraðferð er notuð við kaup á dótturfélögum hjá félaginu. Samkvæmt henni er kaupverð dótturfélags metið sem markaðsvirði undirliggjandi eigna, útgefina eiginfjárgjörninga, yfirtekinna skulda og skuldbindinga á kaupdegi að viðbættum kostnaði við kaupin. Aðgreinanlegar eignir, skuldir og skuldbindingar við kaup eru upphaflega metnar á markaðsvirði á kaupdegi, óháð hlutdeild minnihluta.

Innan samstæðu stöður, viðskipti og hagnaður af þeim milli fyrirtækja innan samstæðunnar eru felld niður. Óinnleist tap er einnig fellt niður nema viðskiptin gefi til kynna verðrýrnun á viðkomandi eign. Reikningsskilum dótturfélags hefur verið breytt þar sem þörf krefur til að tryggja samræmi við stefnur sem samstæðan hefur

Hlutdeildarfélag eru öll félög þar sem samstæðan hefur veruleg áhrif en ekki yfirráð eða sameiginlega stjórn. Almenn á þetta við þar sem samstæðan hefur 20% - 50% atkvæðisréttar. Fjárfesting í hlutdeildarfélagum er færð með hlutdeildaraðferð, eftir að hafa upphaflega verið færð á kostnaðarverði.

1.16 Fjármálagerningar

Fjáreignir og fjárskuldir eru færðar í efnahagsreikning félagsins þegar það verður aðili að samningsbundnum skilmálum gerningsins.

Fjáreignir og fjárskuldir eru færðar á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald. Við upphaflega skráningu er viðskiptakostnaði sem beintengdur er kaupum eða útgáfu fjáreigna og fjárskulda (fyrir utan fjáreignir á gangvirði gegnum rekstur) bætt við eða hann dreginn frá gangvirði fjáreignarinnar eða fjárskuldarinnar, eftir því sem við á. Viðskiptakostnaður sem er beintengdur fjáreignum eða fjárskuldum sem færðar eru á gangvirði gegnum rekstur er strax færður í rekstrarreikning.

Skýringar

1.16 Fjármálagerningar (frh.)

(i) Flokkun fjáreigna

Skuldagerningar félagsins eru færðir á afskrifuðu kostnaðarverði því þeim er haldið í viðskiptalíkani sem hefur það að markmiði að innheimta samningsbundið greiðslufæði og samkvæmt samningsskilmálum samanstendur greiðslufæði af fjáreigninni eingöngu af vöxtum og afborgunum af útistandandi höfuðstól á tilgreindum dagsetningum.

(ii) Virðisrýrnun fjáreigna

Niðurfærsla er færð vegna viðskiptakrafna og annarra krafna til að mæta þeirri lánsáhættu sem þessir gerningar bera. Niðurfærslan felur ekki í sér endanlega afskrift en er dregin frá bókfærðu verði viðkomandi efnahagsliðar. Nánari upplýsingar um niðurfærslu viðskiptakrafna er að finna í skýringu 14.

(iii) Fjárskuldir

Fjárskuldir, þar á meðal langtímalán, eru upphaflega færðar á gangvirði að fráðregnum beinum viðskiptakostnaði. Eftir upphaflega skráningu eru fjárskuldir færðar á afskrifuðu kostnaðarverði í samræmi við aðferð virkra vaxta.

1.17 Handbært fé og gildi þess

Handbært fé innifelur reiðufé, inneignir í bönkum og aðrar skammtímafjárfestingar sem auðvelt er að skipta í reiðufé og eru með binditíma allt að þrem mánuðum. Yfirdráttur í banka er sýndur í lántöku meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi.

1.18 Breyting á samanburðarfjárhæðum

Tæknikostnaður vegna reksturs skrifstofu og verslana sem áður var flokkaður undir kostnaðarverði seldra vara er nú flokkaður sem annar kostnaður.

	Áður birt 2023	Breyting	2023
Kostnaðarverð seldra vara	6.391.174	(148.427)	6.242.747
Annar kostnaður	827.280	148.427	975.707
Samtals	7.218.454	0	7.218.454

1.19 Beiting nýrra og endurskoðaðra reikningsskilastaðla

Nýir reikningsskilastaðlar og breytingar á stöðlum

Samstæðan hefur beitt eftirfarandi stöðlum og breytingum í fyrsta skipti fyrir reikningsárið sem hófst 1. janúar 2024.

- IAS 1 - Flokkun skulda sem skammtímaskuldir eða langtímaskuldir og langtímaskuldir með lánaskilmálum.
- Breytingar á IFRS 16 – breyting á meðferð á leiguskuld í gjörningi er innifelur sölu eigna samhliða leigu á sömu eign (e. sale and Leaseback).
- Breyting á IAS 7 og IFRS 7 - Fjármógnunarsamningar (factoring). Samstæðan hefur bætt við skýringum samhliða innleiðingu á ofangreindum breytingum í IAS 7 og IFRS 7.

Breytingar á ofangreindum stöðlum höfðu óveruleg áhrif á reikningsskil félagsins.

Nýir reikningsstaðlar og tölkanir sem ekki hafa tekið gildi

Nokkrar breytingar á reikningsskilastöðlum hafa verið gerðar sem hafa ekki tekið í gildi fyrir reikningsskil 31. desember 2024 og hafa ekki verið innleitt fyrir gildistíma við gerð þessara reikningsskila. Helstu breytingar sem skipta munu máli fyrir reikningsskil samstæðunnar varða nýja reikningsskilastaðal IFRS 18 - Framsetning og upplýsingagjöf í reikningsskilum (gildir fyrir tímabil sem hefjast 1. janúar 2027 eða síðar).

- IFRS 18 mun koma í stað núverandi staðals, IAS 1 Framsetning reikningsskila, þar sem nýjar kröfur eru kynntar en markmiðið með staðlinum er að ná frekari samanburðarhæfni á fjárhagslegrar frammistöðu sambærilegra aðila og veita meiri viðeigandi upplýsingar og gagnsæi fyrir notendur. Jafnvel þó að IFRS 18 hafi ekki áhrif á færslu eða mat á liðum í reikningsskilum, er búist við að áhrif hans á framsetningu og upplýsingagjöf verði víðtæk.
- Stjórnendur eru að leggja mat á hugsanleg áhrif innleiðingar á IFRS 18.
- Samstæðan mun beita nýja staðlinum frá gildistökudegi hans, 1. janúar 2027. Krafa er um að beita staðlinum afturvirkir og því verða samanburðarupplýsingar fyrir reikningsárið sem lýkur 31. desember 2026 endurbirtar í samræmi við IFRS 18.

Skýringar

2. Sölutekjur af samningum við viðskiptavinum

Í samræmi við innri upplýsingagjöf er félagið skilgreint sem einn starfspáttur með fjórum megin tekjustraumum: FlakkNet, FastNet, Vörusala og Aðrar sölutekjur.

FlakkNet:	Tekjur af þjónustu sem nýtir fjarskiptasenda. Þar með talið tekjur fyrir gagnanotkun gegnum farsíma og netbúnað. Einnig reikitekjur, samtengitekjur og aðrar tengdar tekjur. Framangreindar tekjur eru tekjufærðar yfir viðeigandi áskriftartímabili eða á því tímabili sem notkun á sér stað.
FastNet:	Tekjur af þjónustu sem nýtir fastanet. Þar með talið tekjur fyrir ljósleiðaratengingar og aðrar gagnatengingar yfir fastanet. Einnig aðgangsgjald, leiga á búnaði og aðrar tengdar tekjur. Framangreindar tekjur eru tekjufærðar yfir viðeigandi áskriftartímabili eða á því tímabili sem notkun á sér stað.
Vörusala:	Tekjur af sölu á símtækjum, netbúnaði, aukahlutum og öðrum búnaði. Vörusala er tekjufærð á þeim tímapunkti þegar yfirráð yfir vöru færast yfir til viðskiptavinar.
Aðrar sölutekjur:	Tekjur af annarri fjarskiptatengdri þjónustu sem fellur ekki undir ofangreinda flokka. Svo sem fastlínubjónusta, samrekstur, endursala á þjónustu o.fl. Þessar tekjur eru tekjufærðar á því tímabili sem notkun á sér stað.

	FlakkNet	FastNet	Vörusala	Aðrar sölut.	Samtals
2024					
Á tímapunkti	0	0	1.850.921	0	1.850.921
Yfir tímabil	6.460.889	3.896.780	0	993.335	11.351.004
Tekjur samtals	6.460.889	3.896.780	1.850.921	993.335	13.201.925
	FlakkNet	FastNet	Vörusala	Aðrar sölut.	Samtals
2023					
Á tímapunkti		0	1.985.467	0	1.985.467
Yfir tímabil	6.176.738	3.557.042	0	1.118.291	10.852.071
Tekjur samtals	6.176.738	3.557.042	1.985.467	1.118.291	12.837.538

Enginn einn viðskiptavinur keypti vörur eða þjónustu af Nova fyrir meira en 10% af tekjum félagsins á árinu.

3. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2024	2023
Laun.....	1.772.512	1.671.382
Lífeyrisgjöld.....	236.804	223.822
Áfallið orlof, hækkun (lækkun).....	14.589	(19.244)
Eignfærð laun.....	(242.832)	(259.237)
Önnur launatengd gjöld.....	249.792	179.025
Laun og launatengd gjöld samtals.....	2.030.863	1.795.748
Meðalfjöldi stöðugilda.....	157	151

Sjá nánar um laun og önnur hlunnindi stjórnarmanna og stjórnenda í skýringu 23.

Eignfærður launakostnaður að fjárhæð 242,8 mkr. skiptist á rekstrarfjármuni og óefnislegar eignir og er innifalinn í viðbótum á árinu. (2023: 259,2 mkr.) Sjá skýringar 8 og 9.

Skýringar

4. Afskriftir

Afskriftir greinast þannig:	2024	2023
Afskriftir óefnislegra eigna.....	457.555	487.710
Afskriftir rekstrarfjármuna.....	1.488.888	1.398.885
Afskriftir nýtingaréttar leigueigna.....	319.951	265.566
	<u>2.266.394</u>	<u>2.152.161</u>

5. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:	2024	2023
Vaxtatekjur.....	89.738	87.872
Vaxtagjöld leiguskuldbindinga.....	(465.220)	(411.848)
Vaxtagjöld annarra skulda.....	(76.549)	(68.904)
Verðbætur annarra skulda.....	(150.653)	(221.569)
Vaxtagjöld langtímalána.....	(228.166)	(318.051)
Önnur fjármagnsgjöld.....	(9.362)	(3.325)
Fjármagnsgjöld samtals	<u>(929.950)</u>	<u>(1.023.697)</u>
Gengismunur.....	1.171	(7.011)
Fjármunatekjur (fjármagnsgjöld) samtals	<u>(839.041)</u>	<u>(942.836)</u>

6. Tekjuskattur

Afstemming á virku tekjuskatthlutfalli:	2024		2023	
	Fjárhæð	%	Fjárhæð	%
Hagnaður fyrir tekjuskatt	1.022.530		883.550	
Tekjuskattur miðað við 21% (2023: 20%)	(214.731)	21,0%	(176.709)	20,0%
Aðrir liðir	(879)	-0,1%	1.381	0,2%
Tekjuskattur álagning vegna fyrra árs	0	0,0%	20.599	2,3%
Gjaldfærður tekjuskattur	<u>(215.610)</u>	21,1%	<u>(154.730)</u>	17,5%

7. Viðskiptavild

Í lok árs er framkvæmt virðisrýrnunarpróf á viðskiptavild.

Fjárskapandi eining, Nova hf., sem innifelur viðskiptavild er virðisprófuð árlega, eða oftár ef vísbendingar eru til staðar um að einingin kunni að vera virðisrýrð. Fjárstreymi er áætlað út frá samþykktum áætlunum komandi árs og varfærum lengri tíma spám útbúnum af stjórnendum. Langtímaþvöxtur er metin af stjórnendum út frá sögulegri þróun ásamt varfærum væntingum um framtíðarþróun markaðar og efnahagsumhverfis. Veginn fjármagnskostnaður (WACC) byggir á lánsfjárvöxtum sem bjóðast samstæðunni og ávöxtunarkröfu eiginfjár í samhengi við hlutfall skulda og eiginfjár. Virðisrýrnun er færð ef endurheimtanlegt virði fjárskapandi einingarinnar er lægra en bókfært verð. Endurheimtanlegt virði er reiknað nýtingarvirði á grundvelli samþykktar rekstrar- og sjóðstreymisáætlunar.

Nýtingarvirði var byggt á eftirfarandi lykilorðsendum:	2024	2023
Langtímaþvöxtur.....	2,5%	2,5%
Tekjuþvöxtur, vegið meðaltal (CAGR '25-'29/'24-'28).....	3,8%	3,6%
Áætlaður EBITDA þvöxtur (CAGR '25-'29/'24-'28).....	4,1%	3,2%
Veginn fjármagnskostnaður (WACC).....	11,3%	11,5%
Skuldsetning.....	58,0%	50,0%
Skuldavextir.....	8,6%	8,3%

Að mati stjórnenda munu raunhæfar breytingar, á þeim lykilorðsendum sem endurheimtanlegt virði byggir á, ekki leiða til þess að bókfært verð viðskiptavildar, líkt og það er tilgreint í ársreikningnum, sé hærra en endurheimtanlegt virði.

Skýringar

8. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir greinast þannig:

	Viðskiptavild	Fjarskiptaleyfi	Aðrar óefnisl. eignir	Samtals
Kostnaðarverð				
Heildarverð 1.1.2023	10.048.985	111.716	4.886.086	15.046.787
Viðbætur á árinu	0	185.000	304.816	489.816
Heildarverð 31.12.2023	10.048.985	296.716	5.190.902	15.536.603
Viðbætur á árinu	87.500	0	244.085	331.585
Heildarverð 31.12.2024	10.136.485	296.716	5.434.987	15.868.188
Afskriftir				
Afskrifað samtals 1.1.2023	0	98.510	3.262.016	3.360.526
Afskrift ársins	0	14.580	473.130	487.710
Afskrifað samtals 31.12.2023	0	113.090	3.735.146	3.848.236
Afskrift ársins	0	27.359	430.196	457.555
Afskrifað samtals 31.12.2024	0	140.449	4.165.342	4.305.791
Bókfært verð				
31.12.2023	10.048.985	183.626	1.455.756	11.688.367
31.12.2024	10.136.485	156.267	1.269.645	11.562.397
Afskriftarhlutföll	0%	10%	20-50%	

Sjá skýringu 7 varðandi Viðskiptavild. Aðrar óefnislegar eignir samanstanda af vörumerki, viðskiptavinatengslum, vefsíðu, appi og þjónustukerfum. Hluti viðbóta á árinu er eignfærður launakostnaður við þróun (sjá skýringu 3) og er afskrifaður á 5 árum.

9. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fjarskipta- búnaður	Áhöld og tæki	Bifreiðar	Samtals
Kostnaðarverð				
Heildarverð 1.1.2023	10.939.978	1.674.924	6.900	12.621.802
Viðbætur á árinu	1.145.324	421.040	0	1.566.364
Heildarverð 31.12.2023	12.085.302	2.095.964	6.900	14.188.166
Viðbætur á árinu	1.018.052	373.222	6.387	1.397.661
Heildarverð 31.12.2024	13.103.354	2.469.186	13.287	15.585.827
Afskriftir				
Afskrifað samtals 1.1.2023	7.265.831	1.487.096	6.208	8.759.135
Afskrift ársins	1.059.843	339.042	0	1.398.885
Afskrifað samtals 31.12.2023	8.325.674	1.826.138	6.208	10.158.020
Afskrift ársins	1.178.482	309.837	569	1.488.888
Afskrifað samtals 31.12.2024	9.504.156	2.135.975	6.777	11.646.908
Bókfært verð				
31.12.2023	3.759.628	269.826	692	4.030.146
31.12.2024	3.599.198	333.211	6.510	3.938.919
Afskriftarhlutföll	14-50%	10-33%	20%	

Vátryggingarverðmæti rekstrarfjármuna var kr. 7.181 milljónir í lok ársins 2024 (2023: 6.655 milljónir).

Skýringar

10. Leigueignir og leiguskuldbindingar

Samstæðan færir leigueignir og -skuldir fyrir leigusamninga sem tengjast skrifstofuhúsnæði, bifreiðum og aðstöðuleigusamningum um fjarskiptabúnað. Leigueignir og -skuldir eru aðgreindar í efnahagsreikningi samstæðunnar. Leigueignir og -skuldir eru upphaflega færðar til bókar á upphafsdegi samnings, sem núvirði ógreiddra leigugreiðslna. Félagið notast við innri vaxtakjör til núvirðingar, að teknu tilliti til eðlis undirliggjandi eignar og tímalengd leigusamnings. Núgildandi vegnir meðaltals núvirðingarvextir eru 6,6% fyrir leiguskuldbindingar.

Tímalengd leigusamninga byggir á samningsbundnum réttindum, að teknu tilliti til mats stjórnenda um framlengingu þar sem slík ákvæði eru til staðar. Gjöld vegna breytilegra leigugreiðslna, leigusamninga að lágum verðmætum og skammtímaleigusamninga nema 4,7 milljónum króna og eru gjaldfærðar með öðrum rekstrarkostnaði. Leigusamningar eru flestir verðtryggðir og allir í íslenskum krónum.

Leigueignir og skuldbindingar greinast þannig:

Leigueignir	Fasteignir og bifreiðar	Fjarskipta- búnaður	Aðstöður fjarskiptas.	Samtals
Leigueignir 1.1.2023.....	355.197	755.852	2.948.776	4.059.825
Endurflokkun.....		(308.914)	308.914	0
Viðbætur leigueignir.....	21.006	0	0	21.006
Afskriftir ársins.....	(112.124)	(52.119)	(101.323)	(265.566)
Áhrif endurmats leigusamninga.....	31.293	35.580	409.499	476.372
Leigueignir 31.12.2023.....	295.372	430.399	3.565.866	4.291.639
Leigueignir 1.1.2024.....	295.372	430.399	3.565.866	4.291.637
Viðbætur leigueignir.....	75.945	213.482	0	289.427
Afskriftir ársins.....	(121.737)	(89.202)	(109.012)	(319.951)
Áhrif endurmats leigusamninga.....	30.026	81.766	280.832	392.624
Leigueignir 31.12.2024.....	279.607	636.445	3.737.686	4.653.738
Leiguskuldbindingar				
Leiguskuldbindingar 1.1.2023.....	400.121	795.577	5.023.464	6.219.162
Endurflokkun.....		(337.928)	337.928	0
Viðbætur leigueignir.....	21.006	0	0	21.006
Greiðslur ársins.....	(111.798)	(39.735)	(42.748)	(194.281)
Áhrif endurmats leiguskuldbindinga.....	31.293	35.580	409.499	476.372
Leiguskuldbindingar 31.12.2023.....	340.622	453.494	5.728.143	6.522.259
Leiguskuldbindingar 1.1.2024.....	340.622	453.494	5.728.143	6.522.259
Viðbætur leigueignir.....	75.945	213.482	0	289.427
Greiðslur ársins.....	(132.299)	(71.807)	(50.621)	(254.727)
Áhrif endurmats leiguskuldbindinga.....	30.026	81.766	280.832	392.624
Leiguskuldbindingar 31.12.2024.....	314.294	676.935	5.958.354	6.949.583

Skýringar

10. Leigugeignir og leiguskuldbindingar (frh.)

Leigugreiðslur 2024	Fasteignir og bifreiðar	Fjarskipta- búnaður	Aðstöður fjarskiptas.	Samtals
Samtals leigugreiðslur 2024.....	157.642	151.142	411.163	719.947
Sem sundurliðast þannig;				
Vaxtagjöld (skýring 5).....	25.343	79.335	360.542	465.220
Afborganir.....	132.299	71.807	50.621	254.727
Leigugreiðslur 2023				
Samtals leigugreiðslur 2023.....	138.760	103.160	364.209	606.129
Sem sundurliðast þannig;				
Vaxtagjöld (skýring 5).....	26.962	63.425	321.461	411.848
Afborganir.....	111.798	39.735	42.748	194.281
Leiguskuldbindingar greinast á eftirfarandi hátt á efnahagsreikning:			31.12.2024	31.12.2023
Langtímaskuldir.....			6.690.624	6.328.508
Skammtímaskuldir.....			258.959	193.751
			<u>6.949.583</u>	<u>6.522.259</u>
Greiðslur leiguskuldbindinga greinast á eftirfarandi hátt:	Leigugreiðsla	Vaxtagjöld	Afborganir 31.12.2024	Afborganir 31.12.2023
Til greiðslu næstu 12 mánuði, skammtímaskuldir.....	714.422	455.463	258.959	193.751
Til greiðslu árin 2026 / 2025.....	705.137	438.919	266.218	198.079
Til greiðslu árin 2027 / 2026.....	629.536	423.481	206.055	195.968
Til greiðslu árin 2028 / 2027.....	589.090	413.150	175.940	144.208
Til greiðslu árin 2029 / 2028.....	582.391	403.367	179.024	116.185
Til greiðslu árin 2030 / 2029 og síðar.....	14.296.978	8.433.590	5.863.388	5.674.068
	<u>17.517.552</u>	<u>10.567.969</u>	<u>6.949.583</u>	<u>6.522.259</u>
Áhrif leiguskuldbindinga á rekstrarreikning greinast þannig:			2024	2023
Afskriftir (leigugeignir).....			319.951	265.566
Vaxtagjöld (leiguskuldbindingar).....			465.220	411.848
			<u>785.171</u>	<u>677.414</u>
Samtals leigugreiðslur.....			<u>(719.947)</u>	<u>(606.129)</u>
Gjöld vegna leiguskuldbindinga umfram greiðslur.....			65.225	71.285
EBITDA leiðrétt fyrir leigugreiðslum (fyrir áhrif IFRS 16) greinist þannig:			2024	2023
EBITDA samkvæmt rekstrarreikning.....			4.127.964	3.978.547
Samtals leigugreiðslur.....			<u>(719.947)</u>	<u>(606.129)</u>
EBITDAaL (EBITDA að fráðregnum leigugreiðslum).....			<u>3.408.017</u>	<u>3.372.417</u>

Skýringar

11. Aðrar langtímaskuldir

Hluti greiðslu á endurleigu samstæðunnar vegna sölu á óvirkum fjarskiptainnvíðum í lok árs 2021 er flokkað sem fjármögnunarpáttur meðal annarra langtímaskulda. Fjárhæð fjármögnunarpáttarins er reiknuð sem núvirði framtíðargreiðslna og er verðtryggð með vísitölu neysliverðs. Núvirðisútreikningar miðast við 2,35% raunvexti.

Aðrar langtímaskuldir greinast á eftirfarandi hátt á efnahagsreikning:	31.12.2024	31.12.2023
Aðrar langtímaskuldir 01.01.....	3.013.741	2.838.866
Greiðslur ársins.....	(53.958)	(46.695)
Verðbætur og aðrar breytingar.....	150.653	221.570
Aðrar langtímaskuldir 31.12.....	3.110.436	3.013.741

Aðrar langtímaskuldir greinast á eftirfarandi hátt á efnahagsreikning:	31.12.2024	31.12.2023
Langtímaskuldir.....	3.056.650	2.963.728
Skammtímaskuldir.....	53.786	50.013
	3.110.436	3.013.741

Greiðslur annarra langtímaskulda greinast á eftirfarandi hátt:	Samtals	Vaxtagjöld	Afborganir 31.12.2024	Afborganir 31.12.2023
Til greiðslu næstu 12 mánuði, skammtímaskuldir.....	126.899	73.113	53.786	50.013
Til greiðslu árið 2026 / 2025.....	126.902	71.850	55.052	51.190
Til greiðslu árið 2027 / 2026.....	126.905	70.558	56.348	52.395
Til greiðslu árið 2028 / 2027.....	126.909	69.235	57.674	53.629
Til greiðslu árið 2029 / 2028.....	126.913	67.880	59.032	54.891
Til greiðslu árið 2030 / 2029 og síðar.....	4.054.501	1.225.957	2.828.544	2.751.623
	4.689.029	1.578.593	3.110.436	3.013.741

Áhrif annarra langtímaskulda á rekstrarreikning greinast þannig:	2024	2023
Verðbætur.....	150.653	221.569
Vaxtagjöld.....	76.549	68.904
	227.202	290.473

Skammtímaskuldir leiguskuldbindinga og annarra langtímask. greinast þannig:	31.12.2024	31.12.2023
Leiguskuldbindingar (skýring 10).....	258.959	193.751
Aðrar langtímaskuldir.....	53.786	50.013
	312.745	243.764

12. Samrekstur

Sendafélagið ehf., sem flokkast sem samrekstrarfélag, var stofnað af Nova hf. og Sýn hf. í tengslum við rekstur senda vegna þráðlausra fjarskipta. Hvort félag er eigandi að 50% hlutafjár.

Hlutdeild félagsins í samrekstri er færð í reikningsskilin samkvæmt línu-fyrir-línu aðferð.

Skýringar

13. Vörubirgðir

Vörubirgðir í árslok greinast þannig:

	31.12.2024	31.12.2023
Vörubirgðir.....	448.912	444.217
Varúðarniðurfærsla.....	(39.340)	(38.911)
	<u>409.572</u>	<u>405.306</u>

14. Viðskiptakröfur

Samstæðan færir viðskiptakröfur niður miðað við vænt útlánatap á líftíma. Vænt útlánatap á líftíma er metið útlánatap sem kemur til af öllum mögulegum vanskilaatburðum á væntum líftíma fjáreignar. Vænt útlánatap þessara fjáreigna er metið með niðurfærsluflokkum sem byggja á sögulegri tapreynslu félagsins, að teknu tilliti til sérgreindra þátta tengdum viðkomandi skuldara, almennu efnahagsástandi og mati á bæði núverandi aðstæðum á reikningsskiladegi og spá um framtíðarþróun.

Samstæðan telur eftirfarandi vera vanskilaatburði við innri stýringu útlánaáættu þar eð söguleg reynsla bendir til að kröfur sem annaðhvort eftirfarandi skilyrða á við um séu almennt ekki endurheimtanlegar: (1) Innri eða ytri upplýsingar benda til þess að ólíklegt sé að skuldarinn greiði sínum lánadrottnum, þar með talið félaginu, að fullu (án þess að tekið sé tillit til veðtrygginga félagsins), og (2) Þegar fjáreign er komin meira en 90 daga yfir gjalddaga, nema skynsamlegar og rökstuddar upplýsingar bendi til þess að viðeigandi sé að miða við fleiri vanskiladaga.

Í eftirfarandi töflu kemur áhættusnið viðskiptakrafna fram miðað við niðurfærsluflokka samstæðunnar.

31. desember 2024

Dagar í vanskilum	Vænt útlánataps hlutfall	Brúttó bókfært verð	Niðurfærsla	Bókfært verð
Ekki gjaldfallið	0-2%	1.150.583	(11.396)	1.139.186
<30	30%	23.244	(5.624)	17.620
31-60	60%	11.462	(5.546)	5.916
61-90	60%	7.191	(3.480)	3.712
91-120	90%	28.181	(20.454)	7.727
Samtals		<u>1.220.661</u>	<u>(46.500)</u>	<u>1.174.161</u>

31. desember 2023

Dagar í vanskilum	Vænt útlánataps hlutfall	Brúttó bókfært verð	Niðurfærsla	Bókfært verð
Ekki gjaldfallið	0-2%	1.115.564	(15.345)	1.100.221
<30	30%	13.440	(3.252)	10.188
31-60	60%	6.249	(3.024)	3.225
61-90	60%	3.993	(1.932)	2.061
91-120	90%	32.305	(23.447)	8.858
Samtals		<u>1.171.552</u>	<u>(47.000)</u>	<u>1.124.554</u>

Tapaðar viðskiptakröfur hafa verið óverulegar.

15. Handbært fé og ígildi þess

Handbært fé félagsins samanstendur af bankainnstæðum og sjóði.

	31.12.2024	31.12.2023
Bankainnstæður í ISK	982.775	465.660
Bankainnstæður í EUR	48.328	30.970
Bankainnstæður í USD	41	41
Sjóður	<u>289</u>	<u>289</u>
	<u>1.031.433</u>	<u>496.960</u>

Skýringar

16. Langtímalán

Langtímalán greinast þannig:	31.12.2024	31.12.2023
Langtímalán frá fjármálastofnunum	1.995.000	2.094.750
Næsta árs afborgun langtímalána frá fjármálastofnunum	(105.000)	(99.750)
Samtals langtímalán frá fjármálastofnunum	1.890.000	1.995.000

Afborganir langtímalána í lok árs 2024 eru sem hér s	Afb. og vextir	Vaxtagjöld	2024	2023
Til greiðslu næstu 12 mánuði, skammtímaskuldir.....	312.847	207.847	105.000	99.750
Til greiðslu árin 2026 / 2025.....	301.612	196.612	105.000	105.000
Til greiðslu árin 2027 / 2026.....	290.379	185.379	105.000	105.000
Til greiðslu árin 2028 / 2027.....	1.769.880	89.880	1.680.000	105.000
Til greiðslu árin 2029 / 2028 og síðar.....	0	0	0	1.680.000
Langtímalán samtals.....	2.674.718	679.718	1.995.000	2.094.750

Í lok ársins 2023 endurfjármagnaði samstæðan langtímalán sín frá fjármálastofnunum með nýjum langtíma lánasamning með breytilegum vöxtum. Lánasamningur samstæðunnar innifelur ákveðna fjárhagslega skilmála. Skilmálarnir eru mældir árlega, í lok árs 2024 voru þeir allir uppfylltir og ekkert bendir til annars en þeir verði áfram uppfylltir í næstu mælingu. Lánasamningurinn er í íslenskum krónum og er óverðtryggður.

Hreyfingar á langtímalánum greinast þannig;	2024	2023
Langtímalán 01.01.....	2.094.750	2.433.593
Nýjir lánasamningar.....	0	2.100.000
Afborganir ársins.....	(105.000)	(2.482.593)
Aðrar breytingar.....	5.250	43.750
Langtímalán 31.12.....	1.995.000	2.094.750

Langtímalán greinast á eftirfarandi hátt á efnahagsreikning:	31.12.2024	31.12.2023
Langtímaskuldir.....	1.890.000	1.995.000
Skammtímaskuldir.....	105.000	99.750
	1.995.000	2.094.750

Félög í samstæðunni eiga öll hlutabréfin í Nova hf. Hlutabréfin eru veðsett til tryggingar greiðslum langtímaláns.

17. Frestuð tekjuskattsinneign og (tekjuskattsskuldbinding)

Félagið er samskattað með dótturfélagi sínu Nova hf. frá 1. janúar 2019. Yfirfæranlegt skattalegt tap hjá móðurfélaginu að fjárhæð kr. 231,4 m.kr. sem myndaðist fyrir 1. janúar 2019 er ekki fært sem tekjuskattsinneign.

	2024	2023
Tekjuskattsinneign 1.1.	475.656	377.736
Reiknaður tekjuskattur (sjá skýringu 6)	(215.610)	(175.329)
Tekjuskattur til greiðslu	291.351	274.988
Aðrar breytingar	(663)	(1.739)
Tekjuskattsinneign 31.12.	550.734	475.656

Frestaður tekjuskattur greinist þannig á einstaka liði:	31.12.2024	31.12.2023
Rekstrarfjármunir	(510.768)	(555.193)
Leigugeignir og leiguskuldbindingar	459.169	446.124
Aðrar langtímaskuldir	622.087	602.748
Viðskiptakröfur	(5.752)	(5.029)
Aðrir liðir	(14.002)	(12.994)
Tekjuskattsinneign samtals	550.734	475.656

Skýringar

18. Eigið fé

Hlutfé

Útgefnir hlutir í lok árs nema 3.683.966 þús.kr.. Eitt atkvæði fylgir hverjum hlut í félaginu. Allt hlutfé hefur verið innborgað. Í samræmi við heimild aðalfundar félagsins þann 21. mars 2024 hóf félagið endurkaup á eigin hlutum í öðrum ársfjórðungi. Frá 20. apríl 2024 hefur félagið keypt samtals 96.786 þúsund hluti að nafnverði á meðalgenginu 3,88 kr. fyrir alls 375,7 m.kr. sem nemur 2,6% af útistandandi hlutfé félagsins.

Varasjóðir

Varasjóðir samanstanda af bundnum eiginfjárreikningi vegna hlutdeildar í afkomu hlutdeildarféлага og lögbundnum varasjóði.

Samkvæmt íslenskum ársreikningalögum frá árinu 2016 ber félögum að færa hlutdeild í rekstri dótturfélaga og hlutdeildarféлага umfram því sem nemur mótteknum arði eða þeim arði sem ákveðið hefur verið að úthluta, á bundinn reikning meðal eigin fjár.

Samkvæmt lögum um hlutafélög skal félagið binda 25% af nafnverði hlutafjár í varasjóði sem má ekki nota til að greiða hluthöfum arð.

Varasjóðir greinast þannig:	Bundinn hlutd.- reikningur	Lögbundinn varasjóður	Samtals
2023			
Staða 1. janúar 2023.....	924.833	258.804	1.183.637
Arður frá dótturfélagi.....			
umfram hagnað.....	102.170		102.170
Framlag í lögbundinn varasjóð.....		72.882	72.882
Staða 31. desember 2023.....	1.027.003	331.686	1.358.689
2024			
Staða 1 janúar 2024.....	1.027.003	331.686	1.358.689
Hlutdeild í hagnaði dótturfélags			
umfram móttekinn arð.....	109.679		109.679
Framlag í lögbundinn varasjóð.....		80.692	80.692
Staða 31. desember 2024.....	1.136.682	412.378	1.549.060

19. Aðrar fjáreignir

Aðrar fjáreignir sundurliðast þannig í lok árs;

	Eignarhlutur	Flokkun	Áhrif á rekstur	Bókfært verð
Hið íslenska Númeraflutningsfélag ehf. (HÍN)	20%	Annað	0	2.596
Heildarfjárfesting í öðrum fjárfestingum				2.596

20. Þóknun til endurskoðenda

Þóknun endurskoðenda vegna endurskoðunar ársreiknings félagsins og dótturfélags þess, og vegna annarrar þjónustu sundurliðast þannig:

	2024	2023
<i>Þóknun til endurskoðenda</i>		
Endurskoðun ársreiknings	17.229	18.507
Önnur þjónusta	1.121	1.380
	18.350	19.887

Skýringar

21. Fjármálagæðing og fjárhagsleg áhættustýring

Eiginfjárstýring

Eiginfjárstýring samstæðunnar miðast við að tryggja að rekstrarhæfi sé ekki ógnað á sama tíma og leitast er eftir að hámarka ávöxtun hluthafa með sem hagkvæmustu samsetningu skulda og eiginfjár. Heildarstefnumörkun samstæðunnar er óbreytt frá fyrra ári.

Flokkun fjármálagæðinga	31.12.2024	31.12.2023
Fjáreignir		
Handbært fé og bankainnstæður	1.031.433	496.960
Viðskiptakröfur	1.174.161	1.124.554
Kröfur á tengda aðila	142.728	174.063
Aðrar kröfur	351.591	480.490
Aðrar fjáreignir	2.596	2.596
	<u>2.702.509</u>	<u>2.278.663</u>
Fjárskuldir		
Viðskiptaskuldir	(795.493)	(812.840)
Vaxtaberandi langtímaskuldir	(1.995.000)	(2.094.750)
Fjármögnunaráttur vegna sölu óvirkra fjarskiptainnvíða (sjá skýringu 11)	(3.110.436)	(3.013.741)
Skuld við tengda aðila	(145.430)	(177.069)
Aðrar skuldir	(773.969)	(932.852)
	<u>(6.820.328)</u>	<u>(7.031.252)</u>

Allir fjármálagæðingar eru reiknaðir á afskrifuðu kostnaðarverði.

Markmið fjárhagslegrar áhættustýringar

Fjárstýring samstæðunnar fylgist með og stýrir fjárhagslegri áhættu sem tengist starfsemi félagsins með innri áhættuskýrslum þar sem áhættusnið og umfang áhættu eru greind. Þessar áhættur innifela markaðsáhættu, útlánaáhættu og lausafjárahættu.

Markaðsáhætta

Vaxtaáhætta

Samstæðan stendur frammi fyrir vaxtaáhættu vegna þess að það tekur bæði lán á föstum og breytilegum vöxtum. Félagið stýrir þeirri áhættu með því að viðhalda viðeigandi samsetningu á lánum á annars vegar föstum og hins vegar breytilegum vöxtum. Nánari upplýsingar um vaxtaáhættu félagsins vegna fjáreigna og fjárskulda er að finna í kafla um lausafjárahættu í þessari skýringu.

Eftirfarandi næmnigreining var ákvörðuð miðað við áhrif vaxtabreytinga á skuldir á breytilegum vöxtum. Greiningin byggir á þeirri forsendu að skuldir í lok reikningsskilatímabilsins hefðu verið útistandandi allt árið. Jafnframt er gert ráð fyrir því að allar aðrar breytur, fyrir utan viðeigandi vexti, væru fastar. 100pkt. hækkun vaxta myndi hafa neikvæð áhrif á rekstrarreikning og eigið fé um 15,8 m.kr. að teknu tilliti til tekjuskattsáhrifa. 100 pkt. lækkun vaxta myndi hafa sömu áhrif en í gagnstæða átt.

Verðtryggingaráhætta

Félagið stendur frammi fyrir verðtryggingaráhættu vegna þess að tekur lán eða gengst undir skuldbindingu þar sem greiðslur af þeim samningum eru tengdar við breytingu á vísitölu neysluverðs eða öðrum vísitölum útgefnum af Hagstofu Íslands. Í lok árs er félagið með verðtryggingaráhættu í leiguskuldbindingum sínum og öðrum langtímaskuldum. Hækkun á vísitölu neysluverðs um 1% mun hafa neikvæð áhrif á rekstur og eigið fé um 31,1 m.kr. Lækkun um 1% mun hafa sömu áhrif í öfuga átt.

Skýringar

21. Fjármálagæringar og fjárhagsleg áhættustýring (frh.)

Lausafjáráhætta

Lausafjáráhætta felst í hættunni á að félagið lendi í vandræðum með að standa skil á skuldbindingum sínum. Félagið stýrir lausafjáráhættu sinni með því að eiga fullnægjandi varasjóði, aðgang að lánalínum, með stöðugri skoðun á áætluðu sjóðstreymi og raunverulegu sjóðstreymi og með því að hafa jafnvægi milli fjáreigna og fjárskulda hvað varðar gjalddaga.

Eftirstöðvagreining á fjárskuldum félagsins kemur fram í eftirfarandi töflum. Töflunar sýna ónúvirt framtíðarsjóðstreymi fjárskulda og væntar vaxtagreiðslur miðað við fyrsta dag sem samstæðunni gæti verið gert að greiða.

31. desember 2024

	Vegið meðaltal virkra vaxta	Samnings- bundið sjóðs- streymi	Innan 1 árs	2-3 ár	Eftir meira en 3 ár
Skammtímaskuldir		1.953.761	1.953.761	0	0
Leiguskuldbindingar	5,82 - 10,37%	17.517.552	714.422	1.334.672	15.468.458
Aðrar langtímaskuldir	2,35%	4.689.029	126.899	253.807	4.308.323
Lán á breytilegum vöxtum	10,70%	2.674.718	312.847	591.991	1.769.880
		26.835.060	3.107.929	2.180.471	21.546.660

Framtíðarsjóðstreymi fjárskulda og væntar vaxtagreiðslur í neðangreindri töflu eru byggðar á stöðu lána og skulda í árslok 2023.

31. desember 2023

	Vegið meðaltal virkra vaxta	Samnings- bundið sjóðs- streymi	Innan 1 árs	2-3 ár	Eftir meira en 3 ár
Skammtímaskuldir		2.084.947	2.084.947	0	0
Leiguskuldbindingar	5,82 - 10,37%	16.832.937	594.803	1.161.301	15.076.833
Aðrar langtímaskuldir	2,35%	4.591.188	120.964	241.927	4.228.297
Lán á breytilegum vöxtum	10,95%	3.019.800	329.201	623.910	2.066.689
		26.528.872	3.129.915	2.027.138	21.371.819

Gangvirði fjármálagæringa

Eftirfarandi tafla sýnir heildar bókfært verð vaxtaberandi skulda í efnahagsreikningi félagsins í samanburði við gangvirði þeirra. Gangvirði, sem ákvarðað er vegna skýringa, er reiknað miðað við núvirði framtíðargreiðslna höfuðstóls og vaxta, núvirt miðað við markaðsvexti á reikningsskiladegi. Bókfært verð allra annarra fjáreigna og fjárskulda er talið vera nálægt gangvirði.

	2024		2023	
	Bókfært verð	Gangvirði	Bókfært verð	Gangvirði
Vaxtaberandi skuldir	1.995.000	1.995.000	2.094.750	2.094.750

Útlánaáhætta

Útlánaáhætta er hættan á að mótaðili standi ekki við samningsbundnar skyldur sínar og það leiði til fjárhagslegs taps fyrir félagið. Útlánaáhætta félagsins kemur einkum til vegna viðskiptakrafna. Útlánaáhættu er stýrt með mánaðarlegum greiningum á vanskilum viðskiptavina og með athugun á lánshæfismati nýrra viðskiptavina. Upplýsingar um aðferðir félagsins við mat á væntu útlánatapi er að finna í skýringu 14.

Hámarksútlánaáhætta félagsins er bókfært verð fjáreigna sem greint er frá að framan, samanber „Flokkun fjármálagæringa“.

Skýringar

21. Fjármálagæringar og fjárhagsleg áhættustýring (frh.)

Gjaldmiðlagengisáhætta

Félagið á í viðskiptum í erlendum gjaldmiðlum sem hefur í för með sér gjaldmiðlagengisáhættu. Bókfært verð peningalegra eigna og skulda félagsins í erlendri mynt í lok reikningsskilatímabilsins er sem hér segir:

	Hrein gjaldmiðlastaða	
	2024	2023
Evra	85.584	138.651
Bandaríkjadóllar	16.259	11.351
Aðrir gjaldmiðlar	(4.363)	24.916
	97.479	174.918

Eftirfarandi tafla sýnir hvaða áhrif 10% styrking viðeigandi erlends gjaldmiðils gagnvart íslenskrí krónu myndi hafa á rekstrarreikning og eigið fé. Þær eignir og skuldir í erlendri mynt sem fram koma í næmnigreiningunni eru einkum skammtímaskuldir og kröfur. Greiningin byggir á þeirri forsendu að fjárhæðir á reikningsskiladegi væru útistandandi allt árið. Greiningin miðar við að allar aðrar breytur en viðeigandi gjaldmiðlagengi séu óbreyttar. Næmnigreiningin tekur ekki tillit til skattalegra áhrifa. Jákvæð fjárhæð merkir hækkingu hagnaðar og annars eiginfjár. Lækkingu á gengi viðeigandi erlends gjaldmiðils myndi hafa öfug áhrif á rekstrarreikning og eigið fé.

	Áhrif á rekstur og eigið fé	
	2024	2023
Evra	(8.558)	(13.865)
Bandaríkjadóllar	(1.626)	(1.135)
Aðrir gjaldmiðlar	436	(2.492)
	(9.748)	(17.492)

Rekstraráhætta

Samstæðan býr við ýmis konar rekstraráhættu, m.a. vegna lagasetningar. Í lögum um fjarskipti nr. 70/2022 er heimild Fjarskiptastofu og ráðherra til að setja skilyrði er tengjast fjarskiptaleyfum og öryggi þeirra. Samstæðan er meðvituð um þá áhættu sem kann að felast í þessum heimildum og hefur skipulagt áætlanir í tengslum við það.

22. Hagnaður á hlut

Hagnaður á hlut er hagnaður og heildarafkoma á tímabilinu deilt með veginni meðalstöðu hlutafjár á tímabilinu. Þynntur hagnaður á hlut er sá sami og hagnaður á hlut þar sem engir kaupréttir eru til staðar né breytanlegar skuldir.

Hagnaður á hlut reiknast þannig:	2024	2023
Hagnaður og heildarafkoma	806.920	728.820
Staða hlutafjár í upphafi tímabils	3.694.777	3.817.277
Staða hlutafjár í lok tímabils	3.587.181	3.694.777
Vegin meðalstaða hlutafjár á tímabilinu	3.650.413	3.778.849
	0,221	0,193

23. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar félagsins er móðurfélag, hluthafar með veruleg áhrif, félag í samrekstri, stjórnarmenn og stjórnendur. Viðskipti við tengda aðila eru óveruleg og afmarkast við fjarskiptaþjónustu. Viðskiptin eru verðlöggð á armslengdargrundvelli.

	31.12.2024	31.12.2023
<i>Staða viðskiptakrafna á tengda aðila í lok árs</i>		
Aðili tengdur móðurfélagi, samrekstur	142.728	174.063
<i>Staða viðskiptaskulda við tengda aðila í lok árs</i>		
Aðili tengdur móðurfélagi, samrekstur	145.430	177.069

Skýringar

23. Tengdir aðilar (frh.)

Laun og önnur hlunnindi stjórnarmanna og stjórnenda greinast þannig:

	Grunnlaun	Önnur hlunnindi	Grunnlaun	Önnur hlunnindi	Fjöldi hluta í árslok (þús)
	2024	2024	2023	2023	2024
Sigríður Olgeirsdóttir, stjórnarform.	9.332	1.157	6.300	755	473
Jóhannes Þorst., meðstjórnandi	5.234	0	3.150	0	0
Magnús Árnason, meðstjórnandi	4.310	631	7.222	1.660	2.617
Hrund Rudólfssd., meðstjórnandi	5.190	750	4.150	651	10.262
Jón Ó. Birgisson, meðstjórnandi	5.234	652	4.758	663	0
Margrét B. Tryggvadóttir, forstjóri	40.964	21.308	39.759	19.013	105.155
Framkvæmdastjórn	96.181	44.027	87.452	42.646	43.506

Önnur hlunnindi innihalda framlag launagreiðenda í lífeyrissjóði, greiðslur vegna hvatakerfis og bifreiðahlunnindi. Framkvæmdastjórn innifelur Þórhall Jóhannsson CFO, Þuríði Björg Guðnadóttir CSO, Ólaf Magnússon CTO og Renötu Blöndal COO, hóf störf í febrúar. Til viðbótar ofangreindu fékk Jón Óttar Birgisson, meðstjórnandi, greidda þóknun á árinu vegna ráðgjafarþjónustu sem nemur 3,75 m.kr.

Fjöldi hluta í árslok 2024 samanstendur af hlutum í beinu eða óbeinu eignarhaldi, meðlima stjórnar og framkvæmdastjórnar, eða aðilum þeim tengdum, starfandi í árslok.

24. Málarekstur

Þann 18. mars 2024 var gengið frá samkomulagi um fullnaðaruppgjör í máli seljenda Símafélagsins ehf. gegn Nova hf. og lauk málinu þann dag með niðurfellingu þess í héraðsdómi, án kostnaðar. Í samræmi við efni samkomulagsins greiddi Nova til seljenda Símafélagsins eingreiðslu að fjárhæð 87,5 m.kr. þann 25. mars 2024 til fullnaðaruppgjörs á öllum kröfum þeirra, þ.m.t. vaxta- og málskostnaðarkröfum. Fjárhæðin er færð til hækkunar á bókfærðu verði viðskiptavildar.

25. Atburðir eftir reikningsskiladag

Eftir lok reikningsskiladags hefur félagið keypt viðbótar eigin hluti að nafnverði 20,2 m.kr á meðalgenginu 4,3 kr. fyrir alls 86,9 m.kr. sem er í samræmi við heimild aðalfundar um endurkaup frá 21. mars 2024. Nema heildar kaup eigin bréfa þá samtals 116,9 milljón hlutum að nafnverði á meðalgenginu 4,21 fyrir alls 462,6 m.kr. sem nemur samtals 3,18% af útistandandi hlutafé félagsins.

26. Skilgreining á lykilhugtökum

EBITDA	Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og tekjuskatt.
EBITDA hlutfall	Framlegðarhlutfall rekstrar - EBITDA deilt með rekstrartekjum
EBITDAaL	EBITDA leiðrétt fyrir höfuðstóls og vaxtagreiðslum leiguskuldbindinga (EBITDA fyrir áhrif IFRS 16)
EBIT	Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði og tekjuskatt.
CAPEX	Fjárfestingar (Capital expenditure), fé notað til að kaupa, uppfæra, og viðhalda fastafjármunum svosem fjarskiptabúnaði, o.sv.frv.
Eiginfjárhlutfall	Eigið fé sem hlutfall af heildar eignum.
Hagnaður á hlut	Hagnaður deilt með vegnu meðaltali útistandandi hlutafjár á tímabilinu.
IFRS	Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar (International Financial Reporting Standards)

Stjórnarháttayfirlýsing (Óendurskoðað)

Nova hf. starfar m.a. undir fjarskiptalögum, nr. 70/2022, auk laga um hlutafélög, nr. 2/1995, og sætir eftirliti Fjarskiptastofu. Nova Klúbburinn hf., móðurfélag Nova hf., er skráð á aðalmarkað Nasdaq OMX, Iceland, og starfar því einnig í samræmi við það regluverk sem um markaðinn gilda, m.a. lög um markaði fyrir fjármálagerninga, nr. 115/2021, lög um aðgerðir gegn markaðssvikum, nr. 60/2021, og lög um upplýsingaskyldu og flöggunarskyldu, nr. 20/2021, og lýtur þar með einnig eftirliti Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands. Til Nova hf. og Nova Klúbbsins hf. verður hér eftir sameiginlega vísað sem „félagið“ eða „samstæðan“.

Stjórn félagsins hefur tileinkað sér góða stjórnarhætti með það að markmiði að styðja við ábyrga háttsemi og fyrirtækjamenningu innan félagsins til hagsbóta fyrir alla hagsmunaaðila félagsins. Þannig stefnir stjórn félagsins ætíð að því að fylgja þeim kröfum sem fram koma í viðurkenndum leiðbeiningum sem eru til staðar hverju sinni, auk ákvæða laga sem um starfsemi félagsins gilda. Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja, 6. útgáfa, útgefnar af Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Nasdaq OMX Iceland hf. (hér eftir „Leiðbeiningar um góða stjórnarhætti“ eða „Leiðbeiningarnar“) eru sérstaklega hafðar að leiðarljósi að því er varðar góða stjórnarhætti.

Fylgni við Leiðbeiningar um góða stjórnarhætti

Eins og að framan greinir hefur samstæðan Leiðbeiningar um góða stjórnarhætti að leiðarljósi að því er varðar góða stjórnarhætti. Grundvöllur Leiðbeininganna er „fylgið eða skýrið“ reglan sem býður fyrirtækjum upp á sveigjanleika til þess að nýta Leiðbeiningarnar á þann hátt sem best hentar stærð, uppbyggingu og starfssviði þeirra. Samstæðan fylgir að öllu leyti Leiðbeiningum um góða stjórnarhætti.

Áhættustýring og innra eftirlit

Í desember 2024 hlaut Nova vottun skv. ISO 27001 staðlinum um stjórnkerfi upplýsingaöryggis.

Upplýsinga- og netöryggi er sérstaklega mikilvægt í starfsemi fjarskiptafyrirtækis eins og Nova og er allt kapp lagt á að vernda fjarskiptaþjónustu, gögn viðskiptavina, hugbúnað og vélbúnað. Hjá Nova starfar fjöldinn allur af sérfræðingum í fjarskiptum og kerfisrekstri sem vinna dag og nótt að því að tryggja örugg og skilvirk samskipti viðskiptavina. Ekki er síður lögð áhersla á öryggi viðkvæmra gagna viðskiptavina, sem tryggt er m.a. með öruggu vinnulagi, reglubundnu áhættumati og sólarhringsvöktun á innri kerfum Nova. Nova einsetur sér skjót viðbrögð við hvers konar rekstrartruflunum eða truflunum vegna netöryggisbresta til að tryggja öryggi viðskiptavina.

Öryggi er samvinnuverkefni alls starfsfólks samstæðunnar, frá framlínu til forstjóra, en yfirumsjón með þessum málum hefur öryggisstjóri Nova. Að auki nýtur Nova ráðgjafar sérhæfðra upplýsinga- og netöryggisfyrirtækja og opinberra stofnana sem vinna að upplýsinga- og netöryggismálum.

Þá yfirfara ytri endurskoðendur árlega fjárhagslega ferla félagsins, auk þess sem endurskoðunarnefnd fær reglulega kynningu á hinum ýmsu þáttum áhættustýringar og innra eftirlits félagsins, í samræmi við starfsáætlun sína, og leggur til úrbætur þar sem þurfa þykir og kynnir niðurstöður sínar fyrir stjórn.

Endurskoðun og reikningsskil

Fjármálasvið félagsins útbýr reikningsskil félagsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) og ákvæði ársreikningalaga, nr. 3/2006. Mánaðarleg uppgjör eru jafnframt unnin og send stjórn, sem gerir henni kleift að bera niðurstöður saman við áætlanir, fylgjast með breytingum í rekstri félagsins og bregðast við ef þurfa þykir. Stjórn samþykkir árlega áætlun félagsins vegna næsta rekstrarárs. Ytri endurskoðendur endurskoða ársreikning félagsins og samstæðureikning, auk þess að yfirfara ferla við gerð reikningsskila. Félagið vinnur fjárhagsuppgjör og birtir á markaði fjórum sinnum á ári.

Regluvarsla

Regluvörslu hjá félaginu er sinnt af lögfræðingi félagsins. Regluvörður heyrir undir fjármálastjóra félagsins og skilar árlegri skýrslu um störf sín til stjórnar.

Stjórnarháttayfirlýsing (Óendurskoðað)

Persónuvernd

Nova er annt um varðveislu persónuupplýsinga viðskiptamanna sinna og starfsmanna og meðhöndlar slíkar upplýsingar í samræmi við persónuverndarstefnu sem er aðgengileg á vefsíðu félagsins, www.nova.is/baksvids/skilmalar.

Lögfræðingur félagsins gegnir stöðu persónuverndarfulltrúa félagsins. Persónuverndarfulltrúi skilar árlegri skýrslu um störf sín til stjórnar.

Verkefni öryggisstjóra felst einnig m.a. í því að hámarka öryggi persónuupplýsinga í kerfum félagsins eins og fjallað er um hér að framan undir „Áhættustýring og innra effilít“.

Félagið lýtur eftirliti Persónuverndar.

Stjórn og framkvæmdastjóri

Stjórn félagsins samanstendur af fimm einstaklingum, þremur körlum og tveimur konum. Stjórnin er kosin af hluthöfum á aðalfundi ár hvert. Eftirtaldir einstaklingar sitja í stjórn Nova Klúbbsins hf., en sömu einstaklingar sitja einnig í stjórn dótturfélagsins Nova hf.:

Sigríður Olgeirsdóttir (1960), stjórnarformaður, tók sæti í stjórn félagsins á aðalfundi félagsins í mars 2023. Sigríður er stofnandi og meðeigandi í Magnavita. Sigríður er með yfirgripsmikla reynslu af stjórnarstörfum og situr nú jafnframt í stjórnnum Haga og Íslandshótela. Meðal fyrri starfa Sigríðar má nefna að hún var framkvæmdastjóri Rekstrar- og upplýsingatæknisviðs Íslandsbanka og sviðsstjóri þjónustu hjá Völku ehf. Sigríður nam kerfisfræði í Tietgenskolen í Danmörku, og rekstrar- og viðskiptafræði hjá Endurmenntun Háskóla Íslands, auk þess sem hún er með MBA gráðu í Global Management frá Háskólanum í Reykjavík og AMP gráðu frá Harvard. Sigríður er hluthafi í Nova Klúbbnum, en hún á persónulega 473.000 hluti í félaginu. Sigríður á ekki í hagsmunatengslum við helstu viðskiptaaðila samstæðunnar, samkeppnisaðila hennar eða stóra hluthafa í félaginu. Sigríður telst óháður stjórnarmaður skv. Leiðbeiningum um góða stjórnarhætti.

Hrund Rudolfsdóttir (1969), stjórnarmaður, tók sæti í stjórn félagsins í desember 2021. Hrund er með mikla reynslu af stjórnarstörfum úr mörgum skráðum félögum, fjármálastofnunum og félögum í einkaeigu, og situr nú jafnframt í stjórn Skaga, Veitna og Expectus. Hrund var forstjóri Veritas ehf. 2013 – 2023, og þar áður framkvæmdastjóri starfspróunar hjá Marel hf. og forstjóri Lyfja og Heilsu hf. Hrund er með MSc gráðu í alþjóðaviðskiptum frá Copenhagen Business School og Cand.Oecon gráðu frá Háskóla Íslands. Hrund er hluthafi í Nova Klúbbnum hf. bæði persónulega og sem einn eigenda einkahlutafélagsins Stjankur ehf., en samtals nemur hlutfjáreign Hrundar og fjárhagslega tengdra aðila 10.262.434 hlutum. Hrund á ekki í hagsmunatengslum við helstu viðskiptaaðila samstæðunnar, samkeppnisaðila hennar eða stóra hluthafa í félaginu. Hrund telst óháður stjórnarmaður skv. Leiðbeiningum um góða stjórnarhætti.

Jón Óttar Birgisson (1974), stjórnarmaður, tók sæti í stjórn félagsins í apríl 2022. Jón er með mikla reynslu af stjórnarstörfum auk reynslu úr fjármála- og fjarskiptageiranum. Jón er framkvæmdastjóri Stöpla Advisory. Jón var áður forstöðumaður fyrirtækjaráðgjafar MP banka og framkvæmdastjóri fyrirtækjaráðgjafar Saga Capital. Jón er hagfræðingur frá Háskóla Íslands og með próf í verðbréfamiðlun. Jón á enga hluti í félaginu, en hann sinni m.a. ráðgjöf við Stefni hf., sjóðastýringarfélag, fram til ársins 2023, en sjóðir Stefnis fara með alls 279.474.570 hluti í Nova Klúbbnum hf. Jón telst því háður stjórnarmaður skv. Leiðbeiningum um góða stjórnarhætti.

Jóhannes Þorsteinsson (1978), stjórnarmaður, var kjörinn í stjórn félagsins á aðalfundi félagsins í mars 2023. Jóhannes er yfirmaður fjárfestingar hjá T-Mobile US Inc. og situr í stjórn Smith School Foundation, University of Maryland School of Business. Jóhannes var áður framkvæmdastjóri á fjárfestingabankasviði Deutsche Bank í New York, með áherslu á fyrirtæki á sviði fjarskipta, fjölmiðla og tækni, og þar áður hugbúnaðarsérfræðingur hjá Íslandsbanka. Jóhannes á enga hluti í félaginu og á ekki í hagsmunatengslum við helstu viðskiptaaðila samstæðunnar, samkeppnisaðila hennar eða stóra hluthafa í félaginu. Jóhannes telst óháður stjórnarmaður skv. Leiðbeiningum um góða stjórnarhætti.

Stjórnarháttayfirlýsing (Óendurskoðað)

Stjórn og framkvæmdastjóri (frh.)

Magnús Árnason (1979), stjórnarmaður, var kjörinn í stjórn félagsins á aðalfundi félagsins í mars 2023. Magnús er sjálfstætt starfandi ráðgjafi hjá Marka ráðgjöf ehf. Magnús situr jafnframt í stjórnunum Indó sparisjóðs, Ölgerðarinnar, Rue de Net og Jurtar, auk eigin félaga. Magnús starfaði áður hjá Nova, síðast sem framkvæmdastjóri Stafrænnar þróunar og markaðsmála, og fyrir það sem framkvæmdastjóri vöruþróunar hjá Oz og framkvæmdastjóri vörumerkjamála á alþjóðavísu hjá Latabæ. Magnús á, í gegnum eignarhaldsfélagið Sprengistjarna ehf., 2.617.416 hluti í félaginu. Magnús á ekki í hagsmunatengslum við helstu viðskiptaaðila samstæðunnar, samkeppnisaðila hennar eða stóra hluthafa í félaginu. Vegna fyrri starfa sinna hjá Nova telst Magnús háður stjórnarmaður skv. Leiðbeiningum um góða stjórnarhætti.

Skv. starfsreglum stjórnar skal stjórn funda að minnsta kosti tíu sinnum á ári í persónu og/eða í gegnum fjarfundabúnað. Árið 2024 voru alls haldnir tuttugu stjórnarfundir. Fundargerðir er haldnar af lögfræðingi félagsins, sem jafnframt er ritari stjórnar. Stjórn hefur aðgengi að öruggu vefsvæði sem geymir fundarefni, fundargerðir, kynningar, skýrslur og önnur nauðsynleg gögn. Stjórn metur störf sín árlega og gerir tillögur að úrbótum. Mat er m.a. lagt á samsetningu stjórnar, hæfni stjórnarmanna, störf stjórnar og stjórnarformanns og störf undirnefnda stjórnar.

Stjórn hefur sett félaginu upplýsinga- og samskiptastefnu vegna samskipta við hluthafa og aðra hagaðila félagsins, þá hafa félaginu verið settar siðareglur og jafnréttis- mannaúðs- og mannréttindastefna, en Nova er jafnlaunavottað, skv. jafnlaunastaðlinum IST 85/2012. Félagið hefur einnig sett sér stefnu í sjálfbærni- og umhverfismálum. Helstu reglur og stefnur í starfsemi félagsins er hægt að nálgast á vefsíðu félagsins, www.nova.is/fjarfestar.

Hlutverk stjórnar er ítarlega skilgreint í starfsreglum stjórnar og samþykktum félagsins sem nálgast má á vefsíðu félagsins, www.nova.is/fjarfestar.

Framkvæmdastjórn Nova er skipuð fimm einstaklingum, þremur konum og tveimur körlum.

Margrét Tryggvadóttir (1977), forstjóri Nova, tók þátt í stofnun Nova árið 2007 og hefur starfað hjá Nova síðan, fyrst á sviði markaðsmála og sölu og þjónustu, en sem forstjóri frá ágúst 2018. Margrét er með BA gráðu í alþjóðlegri markaðsfræði frá Háskólanum í Reykjavík og AMP gráðu frá IESE í Barcelona. Margrét er hluthafi í Nova Klúbbnum hf. bæði persónulega og sem einn eigenda M&M Partners ehf., en samtals nemur hlutfjáreign Margrétar og fjárhagslega tengdra aðila 105.154.700 hlutum. Margrét er ekki í neinum hagsmunatengslum við helstu viðskiptaaðila samstæðunnar, samkeppnisaðila hennar eða stóra hluthafa í félaginu.

Forstjóri heyrir beint undir stjórn og er ábyrgur fyrir daglegum rekstri félagsins, innra eftirliti og áhættustýringu.

Undirnefndir stjórnar og hluthafa

Undirnefndir stjórnar eru tvær, starfskjaranefnd og endurskoðunarnefnd. Starfskjaranefnd skipa tveir stjórnarmenn og endurskoðunarnefnd skipa tveir stjórnarmenn og einn utanaðkomandi ráðgjafi, löggiltur endurskoðandi, sem jafnframt er formaður nefndarinnar.

Undirnefndir stjórnar starfa skv. starfsreglum, sem eru endurskoðaðar árlega, og starfsáætlunum sem nefndirnar setja sér í upphafi hvers starfsárs. Starfskjaranefnd fundaði tólf sinnum á árinu 2024 og endurskoðunarnefnd fimm sinnum.

Starfskjarastefnu og starfsreglur nefndanna, auk nánari upplýsinga um nefndarmenn, má nálgast á vefsíðu félagsins, www.nova.is/fjarfestar.

Hluthafar skipuðu félaginu fyrst tilnefningarnefnd á hluthafafundi þann 2. nóvember 2022, og hefur í tvisgang verið endurskipað í nefndina, á aðalfundum félagsins 2023 og 2024. Tilnefningarnefnd skipa nú tveir óháðir utanaðkomandi ráðgjafar. Tilnefningarnefnd fundaði sex sinnum á árinu 2024, auk þess að taka viðtöl við sitjandi stjórnarmenn og forstjóra til undirbúnings tillagna sinna um stjórnarkjör á aðalfundi í mars 2025.

Starfsreglur tilnefningarnefndar, auk nánari upplýsinga um nefndarmenn, má nálgast á vefsíðu félagsins, www.nova.is/fjarfestar. Í starfsreglum tilnefningarnefndar er m.a. kveðið á um að nefndin skuli leitast við að tryggja nauðsynlegan fjölbreytileika í stjórn, auk nægilegrar þekkingar og reynslu sem nýtist félaginu til þess að ná markmiðum sínum.

Stjórnarháttayfirlýsing (Óendurskoðað)

Upplýsingar um brot á lögum/reglum, dómsmál

Félagið hefur hvorki fengið dóm fyrir brot á reglum eða lögum, né er kunnugt um slík brot á árinu.

Þessi stjórnarháttayfirlýsing er endurskoðuð árlega af stjórn.

Samþykkt af stjórn þann 25. febrúar 2025.

Ófjárhagslegar upplýsingar, UFS (Óendurskoðað)

Meginstarfsemi Nova er fjarskiptarekstur og skyld starfsemi. Nova býður fjölbreytt úrval af vörum og tækjum, farsíma- og ljósleiðarapjónustu til heimila og fjölbreytta fjarskiptatækniþjónustu til stærri og smærri fyrirtækja, auk sérlausna fyrir

Nova hefur sett sér sjálfbærni- og umhverfisstefnu sem miðar að því annars vegar að vinna gegn neikvæðum áhrifum af starfsemi Nova á samfélagið og hins vegar að nýta sérþekkingu Nova og sérstöðu til þess að hafa jákvæð áhrif á samfélagið. Nova lítur til heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna og leggur þar sérstaka áherslu á Heilsu og Velliðan, Jafnrétti kynjanna og Nýsköpun og uppbyggingu.

Á árinu 2025 verður lögð sérstök áhersla á sjálfbærnimálin hjá Nova, en meðal verkefna ársins verður að ljúka tvöfaldri mikilvægisgreiningu fyrir félagið og á grundvelli hennar setja félaginu markmið til skamms- og langtíma í sjálfbærnimálum.

Umhverfismál

Umhverfistengd markmið Nova miða að því að lágmarka umhverfisspor félagsins með því að minnka sóun, leggja áherslu á hringrásarhagkerfið og stuðla að hagkvæmri uppbyggingu innviða.

Eiginlegt umhverfisfótspor Nova er ekki þungt. Stöðugildi á árinu 2024 voru 157, við rekum fjórar starfsstöðvar, 15 bíla, sendum eingöngu rafræna reikninga og ferðumst lítið.

Í rekstri fjarskiptakerfisins leggjum við áherslu á samnýtingu þar sem því verður komið við, og á árinu tókum við þátt í þróunarverkefnum sem miða að því að hanna sjálfbær orkukerfi fyrir fjarskiptasenda.

Við fengum KPMG í lið með okkur á árinu til þess að ná betri tókum á umhverfisbókhaldu okkar, en afrakstur þess má sjá í viðauka við samfélagsskýrslu félagsins, sem birt er á vefsíðu félagsins, www.nova.is/fjarfestar.

Nova fasaði að fullu út 2G farsímatæknina í ársbyrjun 2025, og stefnir að því að ljúka útfösun 3G tækninnar í árslok. Ný tækni gerir okkur kleift að nýta orkuna betur og er því umhverfisvænni.

Samfélagið

Samfélagslegt fótspor Nova birtist fyrst og fremst í ofnotkun og óábyrgri notkun snjallsíma og samfélagsmiðla. Nova hefur sett sér það að markmiði að vinna gegn neikvæðum áhrifum af netnotkun með heilsuefandi vöru- og þjónustuframboði og áherslum á fjölbreytileika og gegn staðalímyndum í markaðsefni. Geðræktarvegferð félagsins, sem hófst á árinu 2020, hefur það að markmiði að hversdagsvæða umræðu um geðheilsu, auk þess að vinna gegn þeim neikvæðum áhrifum sem eru óbeinn fylgifiskur starfsemi félagsins.

Geðræktarvegferð Nova er margþætt langtíma verkefni félagsins, en á árinu 2024 fórum við út með herferðina „MargfAlt Fyrirþig“, þar sem áhersla var lögð á það að líta upp úr skjánum og rækta líkama og sál. Í fríðindaklúbbnum „Fyrirþig“ var, eins og áður, lögð áhersla á að bjóða 2F1 tilboð sem stuðla að ánægju, velliðan og skjáláusri samveru, en m.a. var viðskiptavinum boðið frítt í sund í allt sumar og í BUSL, sem voru tónleikaviðburðir sem fóru fram í Laugardalslaug.

Nova hlaut Íslensku ánægjuvögina 2024, 16. árið í röð, en frá stofnun hefur Nova haft það að markmiði að eiga ánægðustu viðskiptavinina á fjarskiptamarkaði og lagt grunn að því með þjónustustefnu sinni sem byggir á jákvæðu viðmóti, gleði og góðri þjónustu.

Ánægja viðskiptavina byggir þó ekki síst á ánægju starfsmanna, en Nova hlaut á árinu viðurkenninguna Fyrirmyndarfyrirtæki í könnun VR um Fyrirtæki ársins, 16. árið í röð. Mikil áhersla er lögð á að veita starfsmönnum stuðning og umhverfi til að þróa færni sína og hæfileika að fullu, óháð kyni, uppruna eða kynhneigð, en velliðan starfsmanna er studd með ýmsum fyrirlestrum og viðburðum sem eiga sér stað yfir starfsárið. Þá hefur Nova hlotið jafnlaunavottun, sem hefur það að meginmarkmiði að vinna gegn kynbundnum launamun og stuðla að jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði.

Ófjárhagslegar upplýsingar, UFS (Óendurskoðað)

Framangreindu til stuðnings, auk þess að marka stefnu Nova að því er varðar að virða mannréttindi almennt í starfsemi sinni, hefur félagið m.a. sett sér jafnréttis- mannauðs- og mannréttindastefnu. Þá hefur Nova sett sér siðareglur, þar sem m.a. er fram sett skýr stefna gegn hvers konar spillingu og mútugreiðslum.

Fjarskipti þjóna þýðingarmiklu hlutverki fyrir samfélagið, ekki síst þegar það kemur að öryggi landsmanna. Nova hefur lagt áherslu á hagkvæma uppbyggingu innviða og tekið þátt í tilraunaverkefnum til þess að tryggja fjarskiptasambönd á afskekktum stöðum.

Þá fór fram á árinu nýsköpunarhraðallinn StartupSuperNova í fimmta skiptið, en 50 fyrirtæki hafa nú farið í gegnum hraðalinn, mörg með eftirtektarverðum árangri.

Hvernig mælum við árangur af samfélagslegri ábyrgð?

Við hjá Nova höfum sett okkur skýr markmið sem við vinnum stöðugt að því að mæla og bæta, en þau eru:

- Að vera besta liðið
- Að eiga ánægðustu viðskiptavinina
- Að eiga flottasta brandið

Sjálfbærni- og umhverfistefna félagsins miðar að því að Nova vinni að því að :

- Stuðla að ábyrgri netnotkun með forvörnum og fræðslu
- Vinna gegn neikvæðum áhrifum af netnotkun með heilsueflandi vöru- og þjónustuframboði og áherslum á fjölbreytileika og gegn staðalímyndum í markaðsefni
- Stuðla að andlegri, líkamlegri og félagslegri heilsu starfsmanna með hvatningu og fræðslu
- Tryggja almenn mannréttindi og jafna stöðu og tækifæri starfsfólks óháð kyni, kynhneigð, uppruna, trú eða aldri

Þá hefur Nova sett sér það að markmiði horfa til UFS leiðbeininga Nasdaq, eða eftir atvikum annarra sambærilegra viðmiða, þegar það kemur að því að mæla árangur af samfélagslegri ábyrgð og birta árlega þær upplýsingar sem slík viðmið kveða á um.

Frekari upplýsingar um umhverfismál, samfélagsleg mál og sjálfbærni hjá Nova er að finna í samfélagsskýrslu félagsins sem birt er á vefsíðu félagsins, www.nova.is/fjarfestar.

Flokkunarreglugerð ESB (EU Taxonomy) (Óendurskoðað)

Flokkunarreglugerð Evrópusambandsins er nýtt regluverk sem ætlað er að styðja umbreytingu í átt að umhverfisvænna hagkerfi. Helsta markmið reglugerðarinnar er að koma í veg fyrir grænþvott, skilgreina skýr viðmið um hvað telst umhverfislega sjálfbær starfsemi og tengja hana fjármálum fyrirtækja. Reglugerðin miðar að því að leiðbeina fjárfestum, lánveitendum og öðrum hagsmunaaðilum um hvernig meta eigi ákveðna atvinnustarfsemi.

Flokkunarreglugerðin byggir á sex umhverfismarkmiðum ESB:

1. Mót væ gisaðgerðir gegn loftslagsbreytingum.
2. Aðlögun að loftslagsbreytingum.
3. Sjálfbær nýting og vernd vatns- og sjávarauðlinda.
4. Umbreyting í hringrásarhagkerfi.
5. Varnir gegn og stjórn á mengun.
6. Verndun og endurheimt líffræðilegrar fjölbreytni og vistkerfa.

Kröfurnar vegna ársreiknings 2024 taka fyrst og fremst til fyrstu tveggja umhverfismarkmiða Flokkunarreglugerðar ESB. Kröfurnar sem varða hin fjögur markmiðin hafa þegar verið innleiddar, og ber fyrirtækjum að birta þær upplýsingar í ársreikningi 2025.

Greining á starfsemi Nova og helstu niðurstöður

Farið var yfir alla kjarnastarfsemi félagsins til að bera kennsl á þá atvinnustarfsemi sem gæti fallið undir tæknilýsingar Flokkunarreglugerðar ESB. Niðurstaða þeirrar greiningar er að eftirfarandi flokkar eru taldir **gjaldgengir (eligible)**:

Tekjur

8.3 Útvarps- og sjónvarpssendingar, dagskrárgerð

Fjárfestingagjöld (CapEx)

8.1 Gagnavinnsla, hýsing og tengd starfsemi

Rekstrargjöld (OpEx)

8.3 Útvarps- og sjónvarpssendingar, dagskrárgerð

8.1 Gagnavinnsla, hýsing og tengd starfsemi

6.5 Flutningar með mótorhjólum, fólksbifreiðum og léttum atvinnuökutækjum

Eftir yfirferð á rekstri okkar hefur ekki enn reynst unnt að flokka neinn hluta starfseminnar sem **umhverfislega sjálfbæran**. Við gerum þó ráð fyrir að meta betur tækifæri fyrirtækisins til að uppfylla skilyrði fyrir umhverfislega sjálfbærni á árinu 2025.

Reiknireglur

Í samræmi við Flokkunarreglugerð Evrópusambandsins er gert ráð fyrir að fyrirtæki birtir upplýsingar um tekjur, fjárfestingagjöld og rekstrargjöld sem falla undir þá starfsemi sem skilgreind er sem gjaldgeng samkvæmt reglugerðinni.

Tekjur

8.3 Útvarps- og sjónvarpssendingar, dagskrárgerð

Til tekna telst hluti veltu sem tengist starfsemi sem fellur undir útvarps- og/eða sjónvarpssendingar, dagskrárgerð eða sambærilega þjónustu. Hjá Nova er um að ræða áskriftar- og notkunartekjur af NovaTV. Tekjurnar eru greindar eftir rekstrareiningum eða vörulínum sem teljast til 8.3 og er teknar saman þær tekjur sem tengjast þessari starfsemi.

Fjárfestingagjöld

8.1 Gagnavinnsla, hýsing og tengd starfsemi

Fjárfestingagjöldin eru útgjöld til varanlegra rekstrarfjármuna sem snúa að gagnavinnslu, hýsingu og tengdum lausnum. Hjá Nova felur þetta í sér kaup á tækjum, búnaði eða innviðum sem styðja rekstur hýsingar eða gagnavinnslu. Tekið er mið af bókfærðri fjárfestingu í þeim tækjum og búnaði sem nýtast í gagnavinnslu og hýsingu.

Flokkunarreglugerð ESB (EU Taxonomy) (Óendurskoðað)

Rekstrargjöld

Samkvæmt Flokkunarreglugerð ESB teljast eingöngu til rekstrargjalda þau beinu útgjöld sem tengjast:

- Rannsóknar- og þróunarkostnaði (ekki eignfærðum)
- Endurnýjun bygginga (innan 18 mánaða)
- Skammtímaleigu (short-term leases)
- Viðhaldi og viðgerðum á búnaði og eignum sem eru nauðsynlegar til að starfsemi uppfylli tækniskilyrði flokkunarkerfisins eða haldist gjaldgeng (eligible)

Hjá Nova skiptast slík rekstrargjöld eftir viðeigandi atvinnustarfsemi:

- 8.3 Útvarps- og sjónvarpssendingar, dagskrárgerð: Viðhald og endurnýjun búnaðar, leyfi og efnisöflun fyrir Nova TV.
- 8.1 Gagnavinnsla, hýsing og tengd starfsemi: Viðhald tækjabúnaðar, uppfærslur á netþjónum, endurbætur á gagnaverum o.s.frv.
- 6.5 Flutningar: Rekstrarleiga, viðhald og viðgerðir á bifreiðum.

Allur almennur rekstrarkostnaður, sem ekki tengist beint ofangreindum þáttum, fellur utan skilgreiningar Flokkunarreglugerðar ESB á OpEx.

Lágmarksverndarráðstafanir

Til að starfsemi geti talist umhverfislega sjálfbær þarf hún m.a. að uppfylla lágmarksverndarráðstafanir sem snúa að mannréttindum, skatta- og samkeppnismálum, sem og vörnum gegn spillingu og mútubægni. Í því samhengi vísum við til:

- Stefnu okkar um jafnrétti, mannauð og mannréttindi, sem tryggir grundvallarmannréttindi og jöfn tækifæri fyrir starfsfólk óháð kyni, kynhneigð, trú eða aldri.
- Skýrra reglna um vernd persónuupplýsinga og vernd uppljóstrara, sem veita starfsfólki örugga leið til að tilkynna um misferli.
- Siðareglina fyrirtækisins, sem mæla fyrir um nánast algjört umburðarleysi gagnvart spillingu og mútubægni auk hollustu við samkeppnislög.
- Áherslu á gagnsæi í fjárhagsupplýsingum og eftirfylgni við lög og reglur skattfyrivalda.

Nova mun á árinu 2025 áfram vinna að því að greina kröfur lágmarksverndarráðstafana og gera úrbætur þar sem þörf er á.

Forvarnir gegn tvítalningu

- Tekjur:** Tekjur sem falla undir 8.3 eru aðskildar eftir vörulínum og rekstrareiningum, sem tryggir að engin tvítalning eigi sér stað.
- Fjárfestingagjöld:** Fjárfesting í búnaði eða innviðum sem tengjast 8.1 er bókuð sér og er ekki skráð aftur í aðra flokka.
- Rekstrargjöld:** Rekstrargjöldunum er haldið aðskildum eftir eðli útgjalda, þannig að sami kostnaður sé ekki talinn tvisvar undir mismunandi flokkum.

Flokkunarreglugerð ESB (EU Taxonomy) (Óendurskoðað)

Velta

Fjárhagsár N	Ár			Viðmið fyrir verulegt framlag						Viðmið fyrir að valda ekki verulegu tjóni										
Atvinnustarfsemi (1)	Kóði (2)	Velta (3)	Hlutfall veltu, ár N (4)	Mótvægi við loftslagsbreytingar (5)	Aðlögun að loftslagsbreytingum (6)	Vatn (7)	Mengun (8)	Hringrásarhagkerfi (9)	Lifrabæileg fjölbreytni (10)	Mótvægi við loftslagsbreytingar (11)	Mótvægi við loftslagsbreytingar (12)	Vatn (13)	Mengun (14)	Hringrásarhagkerfi (15)	Lifrabæileg fjölbreytni (16)	Lágmarks verndarráðstöfanir (17)	Hlutfall veltu sem fellur að flokkunarkerfinu (A.1) eða sem flokkunarkerfið nær yfir (A.2), ár N-1 (18)	Flokkur starfsemi sem gerir annarri starfsemi kleift að stuðla að umhverfis markmiðum (19)	Flokkur umbreytingar starfsemi (20)	
Texti		ISK	%	J/N; N/EL	J/N; N/EL	J/N; N/EL	J/N; N/EL	J/N; N/EL	J/N; N/EL	J/N	J/N	J/N	J/N	J/N	J/N	J/N	%	E	T	
A. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR YFIR																				
A.1. Umhverfissjálfbær starfsemi (sem fellur að flokkunarkerfinu)																				
Velta starfsemi sem er umhverfissjálfbær (sem fellur að flokkunarkerfinu) (A.1)		0,00	0%	N/A	N/A	N/A	N/A	N/A	N/A											
Þar af starfsemi sem gerir annarri starfsemi kleift að stuðla að umhverfismarkmiðum		0,00	0%	N/A	N/A	N/A	N/A	N/A	N/A								N/A	E		
Þar af umbreyting		0,00	0%	N/A													N/A			T
A.2. Starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (starfsemi sem fellur ekki að flokkunarkerfinu)																				
				EL; N/EL	EL; N/EL	EL; N/EL	EL; N/EL	EL; N/EL	EL; N/EL											
Útvarps- og sjónvarpssendingar, dagskrárgerð		8.3	109.700	1%	N/EL	EL	N/EL	N/EL	N/EL	N/EL								%		
Velta frá starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (starfsemi sem fellur ekki að flokkunarkerfinu) (A.2)		109.700	1%	%	1%	%	%	%	%								0,9%			
A. Velta af starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir (A.1+A.2)		109.700	1%																	
B. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR EKKI YFIR																				
Velta frá starfsemi sem flokkunarkerfið nær ekki yfir		13.204.517	99%																	
SAMTALS (A+B)		13.314.217	100%																	

Flokkunarreglugerð ESB (EU Taxonomy) (Óendurskoðað)

Fjárfestingagjöld

Fjárhagsár N		Ár			Viðmið fyrir verulegt framlag						Viðmið fyrir að valda ekki verulegu tjóni										
Atvinnustarfsemi (1)	Kóði (2)	Fjárfestingar- gjöld (3)	Hlutfall fjárfestingar- gjalda, ár N (4)	Mótvægi við loftslagsbreytingar (5)	Aðlögun að loftslagsbreytingum (6)	Vætn (7)	Mengun (8)	Hringrásarhagkerfi (9)	Lífraðileg fjölbreytni (10)	Mótvægi við loftslagsbreytingar (11)	Mótvægi við loftslagsbreytingar (12)	Vætn (13)	Mengun (14)	Hringrásarhagkerfi (15)	Lífraðileg fjölbreytni (16)	Lágmarks vemdarráðstafanir (17)	Hlutfall fjárfestingar- útgjalda sem fellur að flokknunar kerfinu (A.1) eða sem flokknunarkerfið nær yfir (A.2), ár N-1 (18)	Flokkur starfsemi sem gerir annarri starfsemi kleift að stuðla að umhverfis markmiðum (19)	Flokkur umbreytingar starfsemi (20)		
Texti		ISK	%	J;N; N/EL	J;N; N/EL	J;N; N/EL	J;N; N/EL	J;N; N/EL	J;N; N/EL	J/N	J/N	J/N	J/N	J/N	J/N	J/N	%	E	T		
A. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR YFIR																					
A.1. Umhverfissjálfbær starfsemi (sem fellur að flokkunarkerfinu)																					
Fjárfestingargjöld starfsemi sem er umhverfissjálfbær (sem fellur að flokkunarkerfinu) (A.1)	-	0%	N/A	N/A	N/A	N/A	N/A	N/A	N/A												
Þar af starfsemi sem gerir annarri starfsemi kleift að stuðla að umhverfismarkmiðum	-	0%	N/A	N/A	N/A	N/A	N/A	N/A	N/A								N/A	E			
Þar af umbreyting	-	0%	N/A													N/A		T			
A.2. Starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (starfsemi sem fellur ekki að flokkunarkerfinu)																					
				EL; N/EL	EL; N/EL	EL; N/EL	EL; N/EL	EL; N/EL	EL; N/EL											%	
Gagnavinnsla, hýsing og tengd starfssemi	8.1	30.800	2%	EL	EL	N/EL	N/EL	N/EL	N/EL												
Fjárfestingargjöld starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (starfsemi sem fellur ekki að flokkunarkerfinu) (A.2)		30.800	2%	50%	50%	%	%	%	%											1,4%	
Fjárfestingargjöld af starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir (A.1+A.2)		30.800	2%																		
B. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR EKKI YFIR																					
Fjárfestingargjöld frá starfsemi sem flokkunar kerfið nær ekki yfir		1.698.446	98%																		
SAMTALS (A+B)		1.729.246	100%																		

Flokkunarreglugerð ESB (EU Taxonomy) (Óendurskoðað)

Rekstrargjöld

Fjárhagsár N				Ár		Viðmið fyrir verulegt framlag						Viðmið fyrir að valda ekki verulegu tjóni										
Atvinnustarfsemi (1)				Kóði (2)	Rekstrargjöld (3)	Hlutfall rekstrar- gjalda, ár N (4)	Mótvægi við loftslagsbreytingar (5)	Aðlögun að loftslagsbreytingum (6)	Væðing (7)	Mengun (8)	Hringrásarhagkerfi (9)	Lifrabæling fjölbreytni (10)	Mótvægi við loftslagsbreytingar (11)	Mótvægi við loftslagsbreytingar (12)	Væðing (13)	Mengun (14)	Hringrásarhagkerfi (15)	Lifrabæling fjölbreytni (16)	Lágmarks verndarráðstöfanir (17)	Hlutfall rekstrarútgjalda sem fellur að flokkunarkerfinu (A.1) eða sem flokkunarkerfið nær yfir (A.2), ár N-1 (18)	Flokkur starfsemi sem gerir annarri starfsemi kleift að stuðla að umhverfis markmiðum (19)	Flokkur umbreytingar starfsemi (20)
Texti					ISK	%	J;N; N/EL	J;N; N/EL	J;N; N/EL	J;N; N/EL	J;N; N/EL	J;N; N/EL	J/N	J/N	J/N	J/N	J/N	J/N	J/N	%	E	T
A. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR YFIR																						
A.1. Umhverfissjálfbær starfsemi (sem fellur að flokkunarkerfinu)																						
Rekstrargjöld starfsemi sem er umhverfissjálfbær (sem fellur að flokkunarkerfinu) (A.1)				-	0%	N/A	N/A	N/A	N/A	N/A	N/A											
Þar af starfsemi sem gerir annarri starfsemi kleift að stuðla að umhverfismarkmiðum				-	0%	N/A	N/A	N/A	N/A	N/A	N/A									N/A	E	
Þar af umbreyting				-	0%	N/A														N/A		T
A.2. Starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (starfsemi sem fellur ekki að flokkunarkerfinu)																						
						EL; N/EL	EL; N/EL	EL; N/EL	EL; N/EL	EL; N/EL	EL; N/EL											
Útvarps- og sjónvarpssendingar, dagskrárgerð		8.3	178.500	2%	N/EL	EL	N/EL	N/EL	N/EL	N/EL	N/EL											
Gagnavinnsla, hýsing og tengd starfssemi		8.1	21.000	0%	EL	EL	N/EL	N/EL	N/EL	N/EL	N/EL											
Flutningar með mótorhjólum, fólksbífreiðum og léttum atvinnuökutækjum		6.5	24.700	0%	EL	N/EL	N/EL	N/EL	N/EL	N/EL	N/EL											
Rekstrargjöld starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir en er ekki umhverfissjálfbær (starfsemi sem ekki fellur að flokkunarkerfinu) (A.2)				224.200	2%	16%	84%	%	%	%	%											
Rekstrargjöld af starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir (A.1+A.2)				224.200	2%																	
B. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR EKKI YFIR																						
Rekstrargjöld frá starfsemi sem flokkunarkerfið nær ekki yfir				8.962.052	98%																	
SAMTALS (A+B)				9.186.252	100%																	

Ársfjórðungs niðurstöður

Ársfjórðungs niðurstöður 2024 í mkr.:	F1 2024	F2 2024	F3 2024	F4 2024	Samtals 2024
FlakkNet	1.549	1.578	1.698	1.637	6.461
FastNet	936	941	1.015	1.005	3.897
Vörusala	419	436	410	586	1.851
Aðrar sölutekjur	264	245	239	244	993
Aðrar rekstrartekjur	30	28	26	29	112
Rekstrartekjur	3.197	3.228	3.388	3.501	13.314
Kostnaðarverð seldra vara	(1.504)	(1.494)	(1.546)	(1.595)	(6.139)
Laun og launatengd gjöld	(516)	(518)	(434)	(563)	(2.031)
Annar kostnaður	(272)	(256)	(211)	(278)	(1.016)
Rekstrarkostnaður	(2.293)	(2.268)	(2.190)	(2.436)	(9.186)
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, EBITDA	905	961	1.198	1.065	4.128
Afskriftir rekstrarfjármuna	(352)	(366)	(378)	(392)	(1.489)
Afskriftir óefnislegra eigna	(123)	(120)	(82)	(133)	(458)
Afskriftir nýtingaréttar	(68)	(72)	(73)	(107)	(320)
Afskriftir	(543)	(558)	(534)	(632)	(2.266)
Rekstrarhagnaður, EBIT	362	403	665	433	1.862
Vaxtatekjur	8	10	10	61	90
Gengismunur	3	(2)	(2)	3	1
Vaxtagjöld af vaxtaberandi langtímalánum	(58)	(56)	(58)	(56)	(228)
Vaxtagjöld af leiguskuldbindingum	(112)	(112)	(112)	(129)	(465)
Vaxtagjöld af öðrum langtímaskuldum	(19)	(19)	(19)	(19)	(77)
Verðbætur af öðrum langtímaskuldum	(16)	(84)	(47)	(4)	(151)
Önnur fjármagnsgjöld	(1)	(1)	(6)	(1)	(9)
Fjármagnstekjur og gjöld	(196)	(264)	(234)	(145)	(839)
Hagnaður fyrir tekjuskatt	166	138	431	288	1.023
Tekjuskattur	(33)	(30)	(108)	(44)	(216)
Hagnaður ársins og heildarafkoma	133	108	322	244	807
Afborganir og vaxtaþáttur leiguskuldbindinga	(167)	(169)	(170)	(215)	(720)
EBITDAaL (EBITDA fyrir IFRS16)	738	792	1.028	850	3.408
Kennitölur í rekstrarreikning					
EBITDA hlutfall	28,29%	29,75%	35,36%	30,41%	31,00%
EBITDAaL hlutfall	23,08%	24,52%	30,36%	24,28%	25,60%
EBIT hlutfall	11,31%	12,47%	19,61%	12,36%	13,98%
Hagnaður á hlut	0,036	0,029	0,088	0,067	0,221
Kennitölur í efnahagsreikning	31.3.2024	30.6.2024	30.9.2024	31.12.2024	
Eiginfjárlutfall	39,71%	40,18%	40,33%	40,57%	
Veltufjárlutfall	1,014	1,047	1,174	1,235	

Ársfjórðungs niðurstöður

Ársfjórðungs niðurstöður 2023 í mkr.:

	F1	F2	F3	F4	Samtals
	2023	2023	2023	2023	2023
FlakkNet	1.503	1.547	1.604	1.523	6.177
FastNet	875	885	896	901	3.557
Vörusala	468	473	452	592	1.985
Aðrar sölutekjur	284	278	280	276	1.118
Aðrar rekstrartekjur	65	33	23	35	155
Rekstrartekjur	3.195	3.217	3.255	3.327	12.993
Kostnaðarverð seldra vara	(1.521)	(1.546)	(1.532)	(1.644)	(6.243)
Laun og launatengd gjöld	(468)	(460)	(408)	(459)	(1.796)
Annar kostnaður	(257)	(237)	(219)	(263)	(976)
Rekstrarkostnaður	(2.245)	(2.243)	(2.159)	(2.366)	(9.014)
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, EBITDA	949	973	1.095	961	3.979
Afskriftir rekstrarfjármuna	(327)	(346)	(354)	(371)	(1.399)
Afskriftir óefnislegra eigna	(122)	(125)	(117)	(124)	(488)
Afskriftir nýtingaréttar	(63)	(67)	(67)	(68)	(266)
Afskriftir	(512)	(538)	(539)	(563)	(2.152)
Rekstrarhagnaður, EBIT	437	435	556	398	1.826
Vaxtatekjur	9	10	9	60	88
Gengismunur	(6)	(0)	7	(8)	(7)
Vaxtagjöld af vaxtaberandi langtímalánum	(71)	(74)	(81)	(92)	(318)
Vaxtagjöld af leiguskuldbindingum	(101)	(108)	(102)	(100)	(412)
Vaxtagjöld af öðrum langtímaskuldum	(17)	(17)	(17)	(19)	(69)
Verðbætur af öðrum langtímaskuldum	(51)	(95)	(39)	(36)	(222)
Önnur fjármagnsgjöld	(1)	(1)	(1)	(1)	(3)
Fjármagnstekjur og gjöld	(238)	(284)	(224)	(197)	(943)
Hagnaður fyrir tekjuskatt	199	151	333	201	884
Tekjuskattur	(39)	(30)	(66)	(19)	(155)
Hagnaður ársins og heildarafkoma	159	121	266	182	729
Afborganir og vaxtaþáttur leiguskuldbindinga	(150)	(154)	(152)	(149)	(606)
EBITDAaL (EBITDA fyrir IFRS16)	799	819	943	811	3.372
Kennitölur í rekstrarreikning					
EBITDA hlutfall	29,72%	30,26%	33,65%	28,87%	30,62%
EBITDAaL hlutfall	25,02%	25,46%	28,97%	24,38%	25,96%
EBIT hlutfall	13,68%	13,53%	17,09%	11,96%	14,06%
Hagnaður á hlut	0,042	0,032	0,070	0,049	0,193
Kennitölur í efnahagsreikning	31.3.2023	30.6.2023	30.9.2023	31.12.2023	
Eiginfjárlutfall	40,30%	39,48%	40,06%	40,04%	
Veltufjárlutfall	1,166	1,005	1,115	1,029	

Hluti kostnaðar sem áður tilheyrði kostnaðarverði seldra vara hefur verið endurflokkaður undir öðrum kostnaði og leiðrétt í tölunum hér, sjá nánar í skýringu 1.18